

Sóknarfæri

Desember 2021

Frumkvæði og fagmennska í íslensku atvinnulífi



**NÝR OG GLÆSILEGUR
FRYSTITOGARI Í FLOTANN**



**HÁTÍÐARMATUR
ÚR FISKI**

- *Hvernig var árið?*
- *Íslandsstofa í vexti*
- *Ferðapjónustan bjartsýn*
- *120 ára Ísfélag í Eyjum*
- *Nordlenskt stórfyrirtæki í kjötidnadi*



**JÓLIN KOMA
MEÐ SKÖTUNNI**

Óskum landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á árinu 2022

Þrátt fyrir allt!



Jóhann Ólafur Halldórsson
ritstjóri skrifar.

Árið 2021 er senn á enda, árið sem landsmenn hófu svo bjartsýnir á sigur í baráttunni við Covid-faraldurinn og árið sem við nú endum án þess að sjá fyrir lok þeirrar baráttu. En því þarf samt að halda til haga að ástandið sem við þjuggum við um síðustu jóla er allt annað en sú staða sem nú er uppi í þjóðfélaginu. Hið margnefnda orð óvissa er hvergi nærri horfið úr daglegri umræðu en við teljum okkur samt sem áður öruggari um framhaldið, reynslunni ríkari og höfum líka lært mikið af reynslunni.

Þó við getum engan veginn talað um sigur í baráttunni við faraldurinn þá getum við talið það sigur hversu vel hefur tekist að halda atvinnulífinu gangnandi, opinberri þjónustu, þjónustu við börn og aldraða og ýmsu öðru í þjóðfélaginu. Þrátt fyrir allt. Heilbrigðiskerfið okkar er þanið í botn, engum ætti að blandast hugur um það sem fylgist með umræðunni. Það er eitt allra brýnasta verkefni nýrrar ríkisstjórnar að snúa óheilla-vænlegri þróun heilbrigðiskerfisins við með þeim hætti að landsmenn finni sem allra fyrst á eigin skinni. Við getum ekki barið

okkur á brjóst og talið okkur þjóð í fremstu röð með slíkar brotalamir í t.d. heilbrigðis- og öldrunarþjónustu að það sé stórum hópum í samfélaginu hreint og klárt áhyggjuefni að fara á næstu árum og áratugum af vinnumarkaði til að njóta efri áranna. Þetta er eitt af stærstu verkefnum og verkefni sem við getum ekki verið þekkt fyrir annað en leysa.

Þrátt fyrir allt birti meira til í atvinnumálum á árinu en flestir höfðu þorað að vona. Það að tekist hafi svo farsælega að halda úti skipaflota til veiða, að fiskvinnslur hafi nánast gengið á fullum afköstum sem og önnur framleiðslu- og iðnfyrirtæki landsins er afrek. Hvort allar væntingar gangi eftir í ferðaþjónustunni fyrir næsta ár er engan veginn hægt að fullyrða um en samt erum við á uppleið á svo margan hátt - þrátt fyrir allt.

Okkur hefur ekki alltaf verið lagið Íslendingum að sýna þolinmæði en kannski er það ein besta kennslustund sem faraldurinn hefur fært okkur að við þurfum að byggja á

eigin samtakamætti, dugnaði, útsjónarsemi og þolinmæði til að takast á við ástandið. Ástand sem við höldum í fyrstu að myndi vara í fáeina mánuði en hefur smátt og smátt orðið líklegra til að verða okkar fórunautur um nokkurra ára skeið.

Við getum og eigum, þrátt fyrir allt, að horfa bjartsýn fram á veginn. Þjóðin á duglega, hugmyndaríka og skapandi unga kynslóð sem hugsar á margan hátt öðruvísi. Krefst umbóta í umhverfismálum og minnir okkur sem eldri erum á að við höfum á svo mörgum sviðum verið í blindgötu neysluhyggjunnar. Sú áminning er þörf. „Fólkið í dag hugsar bara um fótin sem það er í en ekki um það sem skiptir máli,“ sagði elsti núlifandi Íslendingurinn í viðtali fyrir nokkrum árum. Nokkuð til í því.

Nýtt ár heilsar senn og því eigum við að fagna með bjartsýni í huga. Ritform ehf., útgefandi Sóknarfæris, þakkar lesendum og viðskiptavinum árið sem er að líða og óskar þeim velfarnaðar á því herrans ári 2022.

Sóknarfæri
Frumkvæði og fagmennska í íslenskum sjávarútvegi



Útgefandi: Ritform ehf.
Ritstjóri: Jóhann Ólafur Halldórsson (ábm).
Umsjón, og textavinnsla: Ritform ehf.
Hönnun og umbrot:
Guðmundur Þorsteinsson - Guðli.
Auglýsingar: Inga Ágústsdóttir
inga@ritform.is

Prentun: Landsprent
Dreifing: Íslandspóstur

Rafræn útgáfa á blaðinu er á ritform.is og visir.is

Við erum líka á Facebook!



Gott til endurvinnslu

Gleðilega hátíð

Við þökkum viðskiptavinum og samstarfsaðilum samfylgdina og óskum ykkur gleðilegrar hátíðar og farsældar á komandi ári.

Marel.com

TRANSFORMING FOOD PROCESSING

marel

●
JÓLA-
OG NÝARS-
KVEÐJA TIL YKKAR
ALLRA MEÐ ÞÖKK FYRIR
VIÐSKIPTIN Á ÁRINU SEM ER
AÐ LÍÐA

KAPP
ehf

HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ YKKUR
Á NÝJU ÁRI

Ferðapjónustan bjartsýn á komandi ár

Arnheiður Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Norðurlands, segir erlenda ferðasala skynja mikinn áhuga á Íslandsferðum næsta sumar

FERÐAÞJÓNUSTA

„Við horfum bjartsýn á næsta ár, þrátt fyrir að óvissa sé enn um hvernig þróun verði í faraldrinum. Allar vísbendingar eru hins vegar um að ferðapjónustan muni taka vel við sér næsta sumar og það byggjum við á upplýsingum ferðasala erlendis um fyrirspurnir um Ísland. Þeir segja augljósa uppsafnaða ferðapörf, að fólk hafi mikla fjármuni til að verja í draumaferðalagið sitt til Íslands, það er meira um bókanir í lengri ferðir, stærri hópar og svo framvegis. Svo framarlega sem faraldurinn setur ekki strik í reikninginn á næstu mánuðum þá bendir allt til þess að ferðapjónustan muni ná góðri viðspyrnu næsta sumar,“ segir Arnheiður Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Norðurlands, um mat sitt á þróun ferðapjónustunnar á nýju ári.

Betra ár en búist var við

Arnheiður segir að í ferðapjónustunni á Norðurlandi hafi gengið betur í ár en margir hafi þorað að vona. Hún nefnir sem dæmi að í ágúst mánuði hafi nýting erlendra ferðamanna á hótelum á Norðurlandi verið 86% af því sem var árið 2019, áður en faraldurinn skall á. Staða faraldursins í einstökum löndum hafi áhrif á ferðagleði fólks og því sé merkjanlegur munur á eftirspurn milli landa.

„Bókanir eru mislangt komnar eftir því hvernig staða faraldursins er í hverju landi fyrir sig og hversu miklar aðgerðir hafa verið í hverju landi. Þar sem miklar aðgerðir hafa verið, og þar sem fólk er enn að vinna mikið heima, er markaðurinn hægar og bókanarfyrirvari mjög stuttur. Í þeim löndum þar sem staðan er góð og betur hefur gengið að takast á við faraldurinn hefur markaðurinn tekið hratt við sér og ferðaáhugi greinilegri. Sem dæmi þá sjáum við að Asíumarkaður tekur hægt við sér og má ætla að það sé eitthvað þar til að við sjáum ferðamenn frá Asíu í þeim mæli sem var fyrir faraldur. Bandaríkjamenn fóru hins vegar hratt af stað um leið og tækifæri gafst og sömuleiðis virðist Þýskalandsmarkaður sterkur. Bretar eru einnig hægt og bitandi að taka við sér. Þetta er því svolítið mismunandi milli þjóða,“ segir Arnheiður.


Jákvæð teikn á dýrmætum mörkuðum

Það að landið sé að rísa hvað varðar ferðaáhuga fólks í Bandaríkjunum, Þýskalandi og Bretlandi segir Arnheiður vera mikið fagnadarefni fyrir íslenska ferðapjónustu. Þetta eru sterkustu markaðirnir fyrir Íslandsferðir og ferðamenn sem skilja mikið eftir sig.

„Fyrirspurnir frá þessum þjóðum sýna að við erum að fá stærra hópa og dvalartíminn er lengri en var áður. Það er auðvitað draumastaða fyrir ferðapjónustuna. Greinilega er fólk ákveðið í því að fara í mjög gott ferðalag þegar það nú loksins kemst af stað og verja til þess meiri fjármunum. Ferðahegðunin er því í augablikinu svolítið frábrugðin því sem var fyrir faraldur og við þurfum að aðlaga okkur því,“ segir Arnheiður en eitt af því sem markaðsrannsóknir sýna er að fólk er áhugasamara um að fljúga beint á áfangastað og fækka þannig millilendingum. Þetta fer saman við þá áherslu sem er í starfi Markaðsstofu Norðurlands á uppbyggingu Akureyrarflug-



■ Arnheiður Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Norðurlands.



■ Í Jarðböðunum við Mývatn á björtum sumardeggi.



■ Skíðasvæðin á Norðurlandi eru snar þáttur í vetrarferðamennskunni.



■ Akureyri er einn vinsælasti áfangastaður innlendra- og erlendra ferðamanna.

vallar fyrir beint flug erlendis frá. Í því sambandi má nefna að í febrúar næstkomandi hefst á nýjan leik beint flug til Akureyrar frá Hollandi en flugið verður tvisvar í viku, fimm vikur í röð. Þá verða einnig nokkrar ferðir síðla vetrar til Akureyrar með skíðaþyrsta Færeyinga.

Ráðningar starfsfólks að hefjast

Arnheiður segir að vegna mikillar óvissu síðasta vor hafi ferðapjónustufyrirtæki farid mun hægar en áður í ráðningar starfsfólks fyrir sumarið. Nú sé staðan allt önnur.

„Við vorum ekki á fullum afköstum í ferðapjónustunni síðasta sumar en ég reikna með að strax eftir áramót byrji fyrirtækin að undirbúa sig fyrir gott sumar og ráða starfsfólk í samræmi við það. Við höfum upplýsingar frá síðasta sumri til að byggja á, bæði hvað varðar innlenda- og erlenda markaðinn, og til viðbótar þær vísbendingar sem eru að berast núna frá erlendum ferðaskrifstofum. Meðal þess sem spurt er um er hvort hér verði nægilegt gistirými og nóg af bílaleigubílum, en það var jú eitt af stóru vandamálunum síðasta

sumar. Þessum spurningum svörum við því þannig að staðan verði betri næsta sumar en bendum ferðaskrifstofunum á að bóka snemma til að tryggja sig.“

Norðlensk ferðapjónusta rís hratt á ný

Þrátt fyrir að faraldurinn hafi verið mikið högg fyrir fyrirtæki í ferðapjónustu segir Arnheiður að á Norðurlandi hafi tekist að forða þeim frá því að fara í þrot. Skýringar á því séu nokkrar. Meira hafi verið að gera í ferðapjónustu í ár en búist var við, aðgerðir stjórnvalda hafi hjálpað og dæmi séu einnig um að eigendur minni fyrirtækja hafi rífað seglin og snúið sér tímabundið í önnur störf en hefji rekstur af krafti á nýjan leik þegar birtir til.

„Staðan er því góð hvað þetta varðar og við erum í heild sinni mjög bjartsýn á að ferðapjónustan á Norðurlandi verði fljót að fara í fullan gang. Grunnurinn sem við byggjum á er sterkur, ekki síst vegna heimamarkaðarins sem hefur haldið mjög mörgum okkar fyrirtækja á floti árið um kring. Það höfum við greinilega séð núna í faraldrinum. Viðspyrnan verður hraðari og kröftugri vegna þess að ekki hefur þurft að loka og læsa öllu vegna faraldursins,“ segir Arnheiður.

Þjónusta alla leið á sjó og landi



N1
Vefverslun

Skoðaðu úrvalið
og skráðu þitt
fyrirtæki



Þétt net þjónustu


N1 þjónar íslenskum sjávarútvegi með þéttu neti afgreiðslustaða um allt land og sér sjávarútvegsfyrirtækjum, stórum og smáum, fyrir eldsneyti, smurolíu, efnavöru og vönduðum vinnufatnaði.

Verslanir N1 um land allt
og vefverslun.n1.is

440 1000 n1.is



ALLA LEIÐ



■ Pétur Þ. Óskarsson, framkvæmdastjóri Íslandsstofu. „Hugverkaiðnaðurinn er orðinn 16% af útflutningsverðmætum Íslands og í raun orðinn fjórða stoðin í íslensku atvinnulífi. Þetta vill oft gleymast en sýnir vel hvernig sprotarnir í bland við rótrógróin fyrirtæki geta náð að vaxa og dafna.“

Þjónustuver fyrir atvinnulífið

Rætt við Pétur Þ. Óskarsson, framkvæmdastjóra Íslandsstofu

HEIMSÓKN

„Okkar hlutverk er fyrst og fremst að vera þjónustuaðili fyrir atvinnulífið og vettvangur markaðs- og kynningarmála landsmanna erlendis. Okkar kynningarstarf beinist að því að bæta orðspor og ímynd Íslands erlendis en ekki síður að hjálpa fyrirtækjum og einstaklingum að efla færni sína og árangur í alþjóðaviðskiptum. Þá leggjum við okkur fram um að laða hingað erlenda fjárfesta í samræmi við stefnu stjórnvalda. Þetta er hlutverk og tilgangur Íslandsstofu í örstuttu máli,“ segir Pétur Þ. Óskarsson, framkvæmdastjóri Íslandsstofu í samtali við Sóknarfæri.

Í suðupotti hugmyndanna

Íslandsstofa er þessa dagana að koma sér fyrir í glæsilegu húsnæði Grósku í Vatnsmýrinni og segir Pétur staðarvalið enga tilviljun. „Hér erum við í hjarta Vísindagardar í Vatnsmýrinni en Reykjavíkurborg, háskólarnir hér á svæðinu, Vísindagardar HÍ og Landspítalinn hafa ákveðið, í samstarfi

við Íslandsstofu, að kynna svæðið undir þekkingartengda starfsemi sem geti verið grunnur undir verðmætasköpun framtíðarinnar. Þótt við séum aðeins búin að vera hér stuttan tíma finnum við vel að við eigum heima í þessum suðupotti hugmyndanna og hlökkum til að takast á við verkefnin í þessu mjög svo skapandi umhverfi.“

Pétur hefur verið framkvæmdastjóri Íslandsstofu frá því haustið 2018 en þá hafði Alþingi sett ný lög um starfsemina þar sem Íslandsstofa var breytt í sjálfseignarstofnun. Í löggunum var m.a. kveðið á um að stofan skyldi móta útflutningsstefnu fyrir Ísland, meta í samstarfi við atvinnulífið hvar tækifærin lægju og tryggja mælanlegan árangur þeirra aðgerða sem ráðist yrði í. Fyrsta verkefnið var því að skerpa á áherslum í starfseminni og móta langtíma-stefnu um markaðssetningu og útflutning á íslenskum vörum, þjónustu og menningu.

Sjálfbærni í fyrsta sæti

„Þetta var ákaflega skemmtilegt verkefni og rætt við fulltrúa fjölmargra atvinnugreina til ná fram þeirra áherslum og hugmyndum til sóknar og hvar tækifærin lægju. Um 400 aðilar komu að þessari vinnu í 13



■ Íslandsstofa er að koma sér fyrir í glæsilegu húsnæði Grósku í Vatnsmýrinni þar sem framsækin hugvits- og nýsköpunarfyrirtæki á borð við CCP hafa komið sér fyrir.

Gleðilega hátíð



SAMHENTIR

KASSAGERÐ HF

umbúðalausnir
fyrir þína vöru

persónuleg
þjónusta

reynslumikið
fagfólk



Svíar hafa komið sér upp gríðarlega sterku tengslaneti um allan heim og eru með á sínum snærum 450 ráðgjafa í 37 löndum. Ísland er fyrsta og eina landið sem Svíar hafa gert samning við um aðgang að sínu viðskiptaneti og þetta eru því mikil tímamót

vinnustofum landshluta og atvinnugreina. Lagt var upp með að svara spurningum á borð við hver væri ímynd Íslands á erlendri grundu og hver ætti hún að vera, hvort ímynd Íslands gæti skapað virðisauka fyrir íslensk fyrirtæki og loks hvernig best væri að haga mörkun og skipulagi vörumerkjanna. Út úr þessu ferli komu fjölmargar hugmyndir en það áhugaverða var að þegar þessir ólíku aðilar voru spurðir hver ætti að vera kjarninn í mynd Íslands erlendis var hugtakið sjálfbærni lang oftast nefnt.

Þétur segir að á grundvelli þessarar vinnu hafi verið mótuð sú stefna að innan næsta áratugar verði Ísland þekkt sem leiðandi land á sviði sjálfbærni. Þessi stefnumótun í starfi Íslandsstofu byggir á sex megin áherslum sem spanna mjög vítt svið í íslensku atvinnulífi. Þær snerta bæði hina hefðbundnu útflutningsatvinnuvegi eins og sjávarútveg og aðra matvælaframleiðslu, orku og ferðaþjónustu en ná einnig til lista og skapandi greina, hugvits, nýsköpunar og tækni.

„Það er vert að geta þess að Ísland hefur þegar náð sterkri stöðu hvað varðar sjálfbæra nýtingu auðlinda í sjávarútvegi og orkuframleiðslu. Í könnun sem Íslandsstofa lét gera á sex erlendum mörkuðum árið 2020 kom fram að Ísland mældist á pari við okkar helstu samkeppnislönd hvað varðar sjálfbærni. Ísland hefur hins vegar burði til að skapa sér enn frekari sérstöðu á þessu sviði í krafti sjálfbærrar orkuframleiðslu, ábyrgra fiskveiða og grænna lausna svo eitthvað sé nefnt.“

Gríðarleg tækifæri fram undan

Í stefnumótunartíðunni voru aðilar einnig spurðir að hvaða mörkuðum ætti að beina markaðsstarfinu. Þar kom fram sú eindregna skoðun að byggja á þeim mörkuðum sem íslensk fyrirtæki hafa þegar komið sér fyrir á eins og Norður-Ameríku, Vestur-Evrópu og Suðaustur-Asíu, fyrst og fremst Kína.

„Við vinnum fyrst og fremst eftir þörfum



■ Ferðaþjónustunni hefur tekist að fylkja hingað milljónum ferðamanna með skírskotun til einstæðrar náttúru okkar.



Orka og grænar lausnir

Orka úr endurnýjanlegum auðlindum er vaxandi verðmæti sem hefur m.a. laðað hingað til lands nýja erlenda fjárfestingu auk þess sem þekking og reynsla á þessu sviði skapar útflutningsverðmæti.



Hugvit, nýsköpun og tækni

Hér á landi hefur stór hluti hugvits, nýsköpunar og tæknigeirans vaxið úr mikilvægustu auðlindagreinunum, svo sem sjávarútveginum og orkuveiranum. Á þessu sviði er líka lykkillinn að sjálfbærari framtíð.

markaðarins og skipuleggjum heimsóknir og kynningar á íslenskum fyrirtækjum á okkar aðalmarkaðssvæðum. Áhugi íslenskra fyrirtækja á því að taka þátt í slíkum viðburðum er ótrúlega mikill og ljóst að í útflutningsgreinum okkar ríkir mikill gróska og mikill metnaður til að markaðssetja sig úti í hinum stóra heimi. Og það eru svo sannarlega gríðarleg tækifæri fram undan hvað útflutning varðar. Íslenskur sjávarútvegur er t.d. í fremstu röð á öllum sviðum, sjálfbær orkuöflun landsmanna er á margra vitorði og ferðaþjónustunni hefur tekist að fylkja hingað milljónum ferðamanna með skírskotun til einstæðrar náttúru okkar. Auðvitað hefur verið hægari vindur í seglin vegna Covid en við höfum alla burði til að ná vopnum okkar aftur. Þá má ekki gleyma hugverkaiðnaðinum en á síðustu sjö árum hafa útflutningsverðmæti hans tvöfaldast. Hann er orðinn 16% af útflutningsverðmætum Íslands og í raun orðinn fjórða stöðin í íslensku atvinnulífi. Þetta vill oft gleymast en sýnir vel hvernig sprotarnir geta náð að vaxa og dafna í bland við rótgróin fyrirtæki. Þessi iðnaður á bara eftir að vaxa og þarf ekki annað en horfa í kringum sig hér í Vatnsmýrinni þar sem stór alþjóðleg fyrirtæki hafa sprottið



Listir og skapandi greinar

Skapandi starfsemi og nýsköpun í listum, menningu og atvinnulífi eru nátengdar. Listir og skapandi greinar eru einnig uppspretta útflutningsverðmæta sem væntingar eru til að geti vaxið umtalsvert á næstu árum.



Ferðaþjónusta

Ferðaþjónusta á Íslandi stendur á ákveðnum tímamótum eftir stöðugt vaxtarskeið. Þá hefur COVID-19 einnig sett strik í reikninginn fyrir ferðalög á heimsvísu. Með þessari þróun fylgja nýjar áskoranir, ásamt tækifærum, og enn frekari krafa á að auka verðmæti á hvern ferðamann til að viðhalda verðmætaaukningu greinarinnar.

upp – fyrirtæki sem eru með höfuðstöðvar sínar á Íslandi.“

Þétur segir að algjör hugarfarsblyting hafi orðið í íslenskri umræðu á síðustu árum um mikilvægi greina sem byggja á hugviti, nýsköpun og tækni. „Stjórnvöld hafa staðið sig firna vel í skilningi á þörfum nýsköpunarfyrirtækja. Sum hver hafa náð ótrúlegum árangri á erlendum mörkuðum og nægir í því sambandi að nefna deCODE, Össur, Marel og Alvogen en þau eru auðvitað miklu fleiri. Stjórnvöld hafa sýnt skilning á að ef hlúð er að sprotunum og þeim sköpuð jafngóð skilyrði og fyrirtæki búa við erlendis, vaxa þau og endurgjalda stuðning og margfalt meira á ótrúlega stuttum tíma.“

Einstakt samstarf við Svía

Ekki alls fyrir löngu gerði Íslandsstofa samning við Business Sweden sem gerir íslenskum fyrirtækjum kleift að nýta sér yfirgripsmikla ráðgjafarþjónustu á erlendum mörkuðum. Hjá Business Sweden starfa 450 sérfræðingar og ráðgjafar í 37 löndum. Þjónustan er afar fjölbreytt og nýtist öllum fyrirtækjum sem hyggja á útrás. Við spyrjum Þétur nánar út í þetta.

„Samstarfið við Business Sweden hófst



Sjávarútvegur

Ísland á merkar hefðir og sögu í sjávarútvegi og leiðandi fyrirtæki í greininni nota Ísland með virkum hætti sem tákni um hreinleika og ferskleika.



Matvæli og náttúruafurðir

Rekjanleiki matvæla og tengsl við uppruna þeirra og sögu skapar verðmæti. Hér á landi hafa fyrirtæki á sviði sérhæfðra matvæla og drykkjarvara nýtt sér íslenska upprunann og tengsl við ímynd landsins til aðgreiningar fyrir vörumerki sín á erlendum mörkuðum.

síðasta vor en það stóreflir möguleika íslenskra fyrirtækja til að sækja á nýja markaði erlendis. Þessi samningur, sem tók tvö ár að gera, veitir íslenskum fyrirtækjum óþrjótandi möguleika á að hasla sér völl á erlendum vettvangi. Svíar hafa komið sér upp gríðarlega sterku tengslaneti um allan heim og eru með á sínum snærum 450 ráðgjafa í 37 löndum. Til samanburðar hefur íslenska utanríkisþjónustan verið með viðskiptafulltrúa í 11 löndum til þessa. Til sænsku ráðgjafanna er m.a. hægt að sækja stefnumótandi ráðgjöf, fjölbreytta viðskiptalega og lagaleg aðstoð, fá upplýsingar og gögn um tiltekna markaði sem og aðgengi að víðfemu tengslaneti viðskiptalífsins um heim allan. Þá er hægt að fá aðstoð við skráningu fyrirtækja og útvista hluta rekstrar til skrifstofu Business Sweden í viðkomandi landi. Ísland er fyrsta og eina landið sem Svíar hafa gert samning við um aðgang að sínu viðskiptaneti og þetta eru því mikil tímamót. Ég vona að okkar fyrirtæki nýti sem flest þetta einstaka verkfæri.“

islandsstofa.is



Óskum starfsfólki,
viðskiptavinum, samstarfsaðilum
og landsmönnum öllum
gleðilegra jóla og
farsældar á nýju ári.

ISLANDSSTOFA
Set ehf • Röraframleiðsla

Stuðlum að sjálfbærnu samfélagi

Sjálfbærni í verkfræði skapar hagkvæmar lausnir, viðskiptavinum og umhverfi til hagsbóta. Við vitum að þær ákvarðanir sem við tökum í dag, munu hafa áhrif á velferð fólks og umhverfis á morgun.

Þess vegna leggjum við ríka áherslu á sjálfbærni í öllu okkar starfi.

Mannvit rekur níu starfsstöðvar víðsvegar um landið og með öflugum hópi sérfræðinga bjóðum við verkfræðiráðgjöf og tækniþjónustu á öllum verkstigum.

www.mannvit.is



MANNVIT



Sóknarfærin eru á Skaganum

Rætt við Sævar Frey Bráinsson, bæjarstjóra á Akranesi

■ Sævar Frey Bráinsson, bæjarstjóri á Akranesi. „Ég er ekki í vafa um að þar sem Sementsverksmiðjan stóð áður er einn magnaðasti byggingarreitur landsins um þessar mundir.“

HEIMSÓKN

„Það er ánægjulegt hversu mikil ásókn er í að byggja hér á Akranesi og við höfum eftir föngum reynt að bregðast við þessari eftirspurn með skipulagi og úthlutun lóða í nýjum hverfum. Hér eru nú um 500 íbúðir í byggingu eða að fara af stað og á næstu árum er gert ráð fyrir að byggðar verði um 1.200 íbúðir til viðbótar. Bæjarbúum mun fjölga mjög og því er áherslan hjá okkur nú að treysta innviði sveitarfélagsins svo það geti veitt þessum aukna íbúafjölda sem allra besta þjónustu,“ segir Sævar Frey Bráinsson, bæjarstjóri á Akranesi í samtali.

Vaxandi Dalbrautarreitir

Akranes er öflugt og framsækið bæjarfélag og því tilvalinn staður til uppbyggingar. Fjölgun íbúa er stöðug og er árlega í kringum 2-3%. Húsnæðisverð og fasteignaskattar eru hagstæðir og ásamt því eru samgöngur góðar til og frá höfuðborgarsvæðinu. Í dag eru Akurnesingar 8.850 talsins og gerir bæjarstjórinn ráð fyrir að fjölgunin verði 4-6% á næstu árum. Hann segir bæjarfélagið afar vel í stakk búið til að takast á við þessa aukningu.

„Hvað íbúðabyggingin varðar þá höfum við einbeitt okkur að þremur meginreitum fyrir utan nokkra staði þar sem verið er að þetta fyrri byggð. Á Dalbrautarreit, sem er svæði í miðbæ Akraness, er blönduð byggð með þéttri íbúðarbyggð og miðbæjarstarfsemi að rísa. Þar verða, auk íbúða, verslanir og þjónusta á jarðhæð og meðfram aðalgötum. Þarna gerum við ráð fyrir um 248 íbúðum með bílageymslum neðanjarðar að mestu og stendur til að fjölga lóðum undir fjölbýlishús á reitnum. Lyfta verður í öllum húsum og mikil áhersla lögð á góð tengsl íbúanna við sitt nánasta umhverfi. Á reitnum verður íbúðakjarni með 196 íbúðum en meginhluti íbúða verða hefðbundar fjölskylduíbúðir ásamt því að henta fyrir fólk á eldri árum. Við Dalbraut 4 vorum við að opna félagsmiðstöð á jarðhæð og verður hún fullbúin í upphafi nýs árs. Sveigjanleiki er í fjölda og stærð húsa og er gert ráð fyrir bílageymslum undir húsum og góðum. Lögð er áhersla á gæði íbúða og tengsl þeirra við umhverfið, bæði göturými og garð. Lyfta verður í öllum húsunum og verða bílastæði því aðgengileg innanhúss.“ Skógarhverfi á Akranesi hefur einnig



■ Í Flóahverfi við rætur Akrafjalls er hafin uppbygging grænna iðngarða sem eru þeir fyrstu sinnar tegundar hér á landi.

verði í mikilli uppbyggingu á síðustu misserum og er henni hvergi nærri lokid. „Við erum að ljúka við deiliskipulag á næsta áfanga þessa reits en þetta verður blönduð byggð á um 57.000 fermetra landsvæði. Skógahverfið hefur verið mjög vinsælt enda í nálægð við skógræktarsvæði bæjarins, Garðalund og golfvöll Leynis. Þá er bygging leikskóla á svæðinu hafin og á henni að ljúka haustið 2022.“

Magnaðasti byggingareitur landsins

Sævar Frey vikur talinu að hinum svokallaða Sementsreit en það er svæði sem liggur afar vel og nær frá eldri miðbæjarbyggðinni niður við sjó.

„Við köllum þetta ýmist Sementsreit eða Langasandsreit en þetta svæði er í hjarta Akraness og hallar til suðurs þar sem Sementsverksmiðja ríkisins stóð áður. Þarna er undirbúningur byggingaframskipulags skipulagi. Ég er ekki í vafa um að þetta er einn magnaðasti byggingareitur landsins um þessar mundir og að byggðin þar verði mikil lyftistöng fyrir miðbæ Akraness og komi til með að bæta útlit og ásýnd bæjarins.



þarna verður góð blanda nýbygginga og eldri byggðar, fjölbreytt íbúðaform, verslanir, veitingahús og margvísleg önnur þjónusta. Í skipulaginu er lögð áhersla á tengsl byggðarinnar við miðbæinn, höfnina og Langasand, ferðaþjónustan fær ný tækifæri með m.a. byggingu hótels og tryggð verða fjölbreyttar lausnir almenningsrýma við sjóinn með áherslu á sól, skjól og upplifun. Fjárfestar hafa sýnt Sementsreitnum mikinn áhuga og þessa dagana erum við einmitt að rýna tillögur frá fjórum teymum um það hvernig þeir sjá miðhluta reitsins geta byggst upp. Síðan verður þeim reit úthlutað til eins aðila. Deiliskipulag Sementsreitsins alls er unnið af sveitarfélaginu og munu bæjaryfirvöld hafa síðasta orðið um nánari útfærslur.“

Nýlega var tilkynnt um niðurstöðu dómnefndar í hugmyndasamkeppni um Langa-

sandsvæðið og varð tillagan „Langisandur fyrir alla“ frá Landmótun sf. og Sei Stúdíó valin til frekari útfærslu. Sævar Frey segir Langasand vera svæði í eigu Akurnesinga og það sé stefna og vilji Akurneskaupstaðar að halda áfram uppbyggingu þar í sátt og samlyndi íbúa og náttúru. Hann segir vinningstillöguna vera lágstemmda sem dragi fram fegurð og notagildi svæðisins. Þá sé aðgengi að sandinum og sjónum aukið með hugmyndum sem sýni mikla hugkvæmni.

”

Þá er mikil áhersla lögð á heilsutengda ferðþjónustu með áherslu á náttúrugæðin í nágrenninu en einnig almennt á heilbrigðismál. Þar erum við Akurnesingar í góðum færum með eitt öflugasta sjúkrahús landsins í nágrenninu



■ Tillaga frá Fastefli ehf. fékk hæstu einkunn vegna tilboðs í byggingarétt á Sementsreit á Akranesi en niðurstöður voru kynntar á dögum. Gert er ráð fyrir alls 108 íbúðum í þessum áfanga. ARKÍS arkitektastofa hannaði vinningstillöguna.

Ferðþjónusta, heilsa og hátækni

Á Akranesi er margt að gerast sem lýtur að uppbyggingu atvinnusvæða enda mikilvægt að hafa þau mál í fyrirrími þegar vænst er aukins fjölda íbúa á næstu árum. Á síðasta ári tóku t.d. Akraneskaupstaður og útgerðarfélagið Brim höndum saman um stofnun og rekstur þróunarfélags um atvinnuuppbyggingu og nýsköpun á Breið á Akranesi þar sem verður lögð áhersla á ferðþjónustu, heilsu og hátækni. Starfsemi félagsins er í gamla HB húsinu og er þar að rísa fjölskrúðugt rannsóknar- og nýsköpunarsetur.

„Þetta er gríðarlega áhugavert verkefni en markmiðið er að skjóta fleiri stofnum undir atvinnulífið á Vesturlandi á sviði rannsókna, sjávarútvegs, snjalltækni, landbúnaðar og orkufreks iðnaðar. Þá er mikil

áhersla lögð á heilsutengda ferðþjónustu sem byggja mun á náttúrugæðum nágrennisins en einnig almennt á heilbrigðismál. Þar erum við Akurnesingar í góðum færum með eitt öflugasta sjúkrahús landsins í nágrenninu. Má geta þess í þessu sambandi að innan skamms verður opnað sérstakt liðskiptasetur í Heilbrigðisstofnuninni á Vesturlandi sem mun stórauka framboð af liðskiptaaðgerðum fyrir landsmenn en hægt verður að gera 430 aðgerðir á ári sem er rúmlega tvöföldun á núverandi afkastagetu. Áætlað er að setrið opni næsta vor.“

Í svokölluðu Flóahverfi við rætur Akrafjalls er hafin uppbygging grænna iðngarða sem eru þeir fyrstu sinnar tegundar hér á landi. Iðngarðarnir verða byggðir upp með hliðsjón af alþjóðlegri umgjörð um innleið-

ingu á vistvænum iðngörðum en lönd eins og Danmörk og Frakkland hafa nýtt lykilkætti regluverksins um vistvæna iðngarða til að stuðla að sjálfbærni fyrirtækja. „Við teljum Flóahverfið vera afar heppilegt fyrir slíkt verkefni en æ feiri fyrirtæki leggja aukna áherslu á umhverfismál í sínum rekstri. Þá er hverfið vel staðsett rétt utan þéttbýliskjarna Akraness í um 200 metra frá stofnbraut og aðeins 30 mínútna akstur til Reykjavíkur,“ segir Sævar Freyr.

Glatvarminn á Grundartanga

Við spyrjum Sævar Frey bæjarstjóra að lokum út í verkefni á Grundartanga sem vakið hefur mikla athygli. „Já, á Grundartanga eru öflug fyrirtæki og nú eru nokkur þeirra að kanna fýsileika þess að nýta varmann frá Járblendiverksmiðjunni á Grundartanga til

að efla hitaveitur Veitna á Vesturlandi. Gríðarlegur hiti myndast við bræðslu málna í ofnum Járblendiverksmiðjunnar sem að mestu leyti fer til spillis. Þessi mikli hiti, eða glatvarmi eins og hann kallast, jafngildir þeirri orku sem fer til að hita upp öll hús á Akranesi. Einnig er Landsvirkjun, Carbon Recycling International, Elkem á Íslandi og Þróunarfélag Grundartanga að skoða samstarf um framleiðslu á grænu metanóli úr þessum varma svo og koldíoxíði úr kísilveri Elkem til þess að nýta orkuna betur, auka sjálfbærni og um leið draga úr loftslagsáhrifum. Það er því margt spennandi að gerast á Grundartanga þessa dagana.“

akranes.is

Samhentir óska eigendum og áhöfn Nesfisks til hamingju með nýja Baldvin Njálsson



SAMHENTIR
UMBÚDALAUSNIR



■ Nautic hefur að undanfögnu unnið að hönnun nýrrar kynslóðar uppsjávarskipa. Líkt og sjá má þá ber skipið hönnunareinkenni fyrirtækisins hvað stefnislagið snertir.



■ Rammi hf. samdi á árinu við Nautic ehf. um hönnun nýs togskipa sem verður 48 metra langt og 14 metra breidd. Skipið verður smíðað í Tyrklandi og stefnt að því að það verði tilbúið haustið 2023.

Gróska í skipahönnun um þessar mundir

segir Hrafnkell Tulinius, framkvæmdastjóri Nautic ehf.

SKIPAHÖNNUN

„Það er gróska um þessar mundir á sviði skipahönnunar, bæði sjáum við það á Rússlandsmarkaði þar sem við höfum verið að byggja okkar starfsemi upp síðustu ár og ekki síður hér heima á Íslandi. Uppsveifla í loðnuveidum á Íslandi hefur greinilega mikil áhrif, ekki aðeins auka þær áhuga útgerða á smíði nýrra uppsjávarskipa heldur geta þær ýtt undir fjárfestingar þeirra á öðrum útgerðarsviðum þar sem þörf er til staðar. Okkar markmið hjá Nautic er að vaxa enn frekar í þjónustu við heimamarkað okkar á Íslandi á komandi ári og árum, jafnframt því sem við sjáum fram á enn frekari tækifæri á Rússlandsmarkaði fyrir starfsemi okkar í Pétursborg,“ segir Hrafnkell Tulinius, hluthafi og framkvæmdastjóri skipahönnunarfyrirtækisins Nautic ehf.

Togari hannaður fyrir Ramma hf.

Um mitt þetta ár samdi Nautic við Ramma hf. um hönnun á 48 metra löngum og 14 metra breiðum ferskfisktogara, búnum til bolfisk- og humarveiða. Hrafnkell segir hönnun skipa í fullum gangi en að því verkefni vinna starfsmenn Nautic í Rússlandi, á Íslandi og í Síle.

„Þetta verkefni er til marks um hvernig við nýtum okkur tölutækni nútímans til að leiða saman þekkingu og reynslu innan fyrirtækisins. Við byggjum í þessu verkefni á þeirri reynslu sem við höfum öðlast á síðustu árum í stórum skipahönnunarverkefnum í Rússlandi, meðal annars á frambyggðum stefninu og öðrum atriðum í skrokkbyggingu togskipa sem hefur einkennt hönnun Nautic. Við nýtum okkur einnig þrívíddartækni en í dag má segja að sú tækni leiði hönnunarferlið áður en eiginlegar vinnu- og fyrirkomulagsteikningar eru gerðar. Tæknin í skipahönnun er því í dag orðin talsvert frábrugðin því sem var áður fyrr,“ segir Hrafnkell.

Gert er ráð fyrir að nýja skipið fyrir Ramma hf. verði smíðað í Tyrklandi og verði tilbúið haustið 2023.

Endurnýjunarþörf á Íslandi

Alfred Tulinius, skipaverkfræðingur, stjórnarformaður og einn eiganda Nautic, leiðir hönnunarvinnu fyrirtækisins en nú eru í smíðum 10 stórir frystitogarar í Pétursborg eftir hönnun Nautic og auk þess fjögur línu-skip en þau síðarnefndu eru fyrir útgerðir í austanverðu Rússlandi. Hrafnkell segir tækifæri bæði á rússneska og íslenska markaðnum.

„Það er að líða að annarri bylgju endurúthlutunar á fjárfestingarkvótum í Rússlandi og slíku fylgir krafa um fjárfestingar í nýjum skipum og landvinnslum. Þess vegna teljum við bjart framundan í starfsemi í Rússlandi. Við fórum líka fyrir skömmu í hringferð á Íslandi, hittum útgerðarmenn og skynjuðum að það er víða þörf og áhugi á endurnýjun í skipaflotanum á Íslandi. Mörg skip eru orðin gömul og slitin en það er líka mikill áhugi hjá útgerðunum að fylgja eftir þróun í vélbúnaði, orkusparnaði, taka þátt í framförum hvað varðar umhverfismál, bæta aðbúnað og vinnuástandi áhafna og þannig má áfram telja. Við þökkjum það af reynslunni að undirbúningur svona verkefna tekur í mörgum tilfellum 2-3 ár áður en hönnun og smíði verða að veruleika þannig að þetta tekur allt sinn tíma. En í mínum huga er enginn vafi að íslenskur sjávarútvegur hefur mikinn metnað til að vera alltaf í fremstu röð og það á ekki síst við um skipastólinn og útgerðina. Við þennan metnað útgerðarinnar á Íslandi ætlum við að styðja með þjónustu okkar hjá Nautic,“ segir Hrafnkell en meðal þeirra nýjunga sem Nautic vinnur nú að er hönnun á nýrri kynslóð uppsjávarskipa þar sem meðal annars er byggt á framstæðu stefni sem hefur sannað sig í skipum Nautic.

„Þetta stefnislög hefur reynst mjög vel í okkar skipum, til dæmis í togurum Brims, og við erum sannfærðir um að það nýtur



■ Bræðurnir í Nautic ehf., Hrafnkell og Alfred Tulinius.

sín ekki síður í uppsjávarskipum. Við teljum því tímabært að bjóða skip á uppsjávarmarkaðnum með þessu skrokklagi og eftir okkar hönnun,“ segir Hrafnkell.

Góður aðbúnaður er krafa nútímans

Aðbúnaður og vinnuástandi eru snar þáttur í skipahönnun og hugmyndavinnu í dag. Hrafnkell segir kröfur á þessu sviði ekki ein-skorðaðar við íslenska markaðinn.

„Útgerðir gera sér almennt grein fyrir því að til að laða að góða sjómenn og halda þeim í starfi þá þarf aðbúnaður um borð að vera fyrsta flokks. Það eru óskir um eins manns klefa, miklu skiptir að öll

vinnuástandi sé vel útfærð, fjarskiptabúnaðurinn er líka mjög stórt atriði því krafan er sú að sjómenn, eins og aðrir, geti alltaf verið í sambandi. Síðan er hljóðvistin um borð mikilsvert atriði, sem og auðvitað sjóhæfni skipanna en skrokklagið okkar og stefnislög gera einmitt að verkum að skipin fara betur í gegnum ölduna og þannig verður kröpp hreyfing skipanna minni. Allt hefur þetta áhrif á líðan og vinnuþrek áhafnarinnar,“ segir Hrafnkell.

nautic.is

Við sérhæfum okkur í sölu á traustum búnaði fyrir bændur, verktaka og sjávarútveg



Gámarampar fyrir frysti / kæli og hefðbundna fraktgáma, heitgalv stál, burðarþol : 10 tonn.



Vélasliskjur úr áli í mörgum lengdum með mismunandi burðarþoli, allt að 12 tonn á par.



Háþrýstidælar frá COMET - Spa.com, fyrir allan iðnað.

Samið til fimm ára við Fisktækniskólann

SJÁVARÚTVEGUR

Eitt af síðustu verkefnum Lilju Alfreðsdóttur í embætti mennta- og menningarmálaráðherra var undirritun samings ráðuneytisins við Fisktækniskóla Íslands í Grindavík. Samningurinn er til fimm ára er skólanum með honum falið falið að annast kennslu sjávarútvegsgreina á staðfestum námsbrautum samkvæmt lögum um framhaldsskóla.

Verðmætasköpun til framtíðar

Fisktækniskóli Íslands hefur starfað frá árinu 2010 en markmið skólans er að efla menntun fólks í sjávarútvegi og stuðla þannig að aukinni fagþekkingu og nýliðun í greininni. Skólinn býður fjölbreytt nám í haftengdum greinum, s.s. fisktækni, fiskeldis-tækni, fæðastjórnun, Marel-vinnslutækni, haftengda nýsköpun/sjávarakademían, veiðarfæra-tækni og smáskipanám upp að 15 metra bátastærð.

„Sjávarútvegurinn er ein af undirstöðu atvinnugreinum okkar Íslendinga og á vettvangi Fisktækniskólans er sannarlega verið að skapa verðmæti til framtíðar. Hér er vel búið að fjölbreyttum nemendahópi og við vonum að skólastarfið dafni vel til framtíð-



■ Lilja Alfreðsdóttir, þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra og Ólafur Jón Arnbjörnsson, skólameistari Fisktækniskóla Íslands, undirrita samning um starfsemi skólans til næstu fimm ára.

ar,” sagði Lilja Alfreðsdóttir, þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra, í tilefni af undirritun samningsins. Heildarframlag ríkisins vegna samningsins nemur 355 milljónum kr. eða um 71 milljónum kr. á ári og er ráðgert

að skólinn haldi áfram að þróa sína námskosti fyrir sjávarútvegin.

Hátt á annað hundrað nemendur

Um 160 nemendur stunda nú nám við Fisktækniskóla Íslands.

Kennslan fer að mestu fram í Grindavík en skólinn er einnig með aðstöðu í Garðabæ, Reykjavík og á Bíldudal. Á fjórða hundrað nemenda hafa lokið námi af skilgreindum brautum skólans, þar af um eitt hundrað frá samstarfs-

skólum og fræðsluaðilum á Sauðárkróki, Tröllaskaga, Dalvík, Akureyri og Höfn í Hornafirði.

fiskt.is

GLEÐILEGA HATÍÐ

OG TAKK FYRIR SAMSTARFIÐ Á ÁRINU



UMBÚÐAMIÐLUN

555 6677 | umb.is | Korngörðum 5, Reykjavík



■ Baldvin Njálsson GK 400 verður eitt best búna skip flotans.

Mynd: Elvar Jósefsson

Nesfiskur ehf. í Garði tekur á móti frystitogaranum Baldvini Njálssyni GK 400

„Hreyfðist lítið og fór vel með okkur“

NÝ FISKISKIP

„Skipið reyndist algjörlega frábærlega á heimleiðinni. Við lentum strax í vondu veðri, þegar við komum út frá Vigo og vorum í vondu veðri í þrjá sólarhringa á leiðinni. Við tókum svona veðurrúnt sem kallað er. Sigldum eftir veðurspánni. Við sigldum því í norðvestur til að byrja með í sólarhring. Það var ægilegt veður í Norðursjónum og við vorum að spá í að fara Ermasundið, því það var svo vont veður báðum megin við Írland. Þegar komust loks norður af Írlandi fengum við fínasta veður og vorum rétt tæpa fimm sólarhringa að fara 1.400 sjómílar. Þetta gekk mjög vel og skipið reyndist alveg frábærlega. Hreyfðist lítið og fór vel með okkur,“ segir Arnar Óskarsson, skipstjóri á nýjum Baldvini Njálssyni GK 400 sem kom til landsins nú í byrjun desember. Frystitogarin er 65,6 að lengd og 16 metra breiddur. Hann er 2.880 brúttótonn. Lestin er 1.720 rúmmetrar og aðalvélin 3.000 kílóvött sem gæti lagst út sem 4.400 hestöfl. Það er þó ekki vélarstærðin sem skiptir öllu máli. Skipið er með risavaxna skrófu og mikla niðurgírur og snýst skrófan ekki nema 60 til 80 snúninga á mínútu. Með þessu fæst mikil spyrna og mikil nýtni á hestöflum.

Meiri möguleikar í veiðunum

Skipið er með tæknivædda vinnslu um borð. Auk hausara og flökunarvélar á vinnsluþilfari er viðamikil vinnslukerfi, aðstaða til flakasnyrtingar, flokkunarbúnaður, frystitæki og pökkun og röðun á vörubretti áður en vara er send forflokkuð á vörubretti niður í lest. Allt vinnsluferlið byggir á mikilli sjálfvirkni og því fremsta í tækni vinnsluskipa í dag.

„Það á eftir að koma í ljós hver vinnslugetan verður um borð,“ segir Arnar aðspurður um afköst skipsins. „Frystigetan á að ná upp í um 80 tonn en við vorum farnir



■ Arnar Óskarsson, skipstjóri, er hæstánægður með nýja skipið.

Mynd: Hjörtur Gíslason

að taka um 60 tonn upp úr sjó á sólarhring á gamla skipinu. Ég vona því að við sjáum eitthvað meira hér. Við erum á blönduðum botnfiskveiðum og karfa og getum dregið tvö toll í einu. Við verðum með þrjú troll um borð og eitt stórt og tvö minni sem eru eins. Þau drögum við þegar aðstæður eru góðar en stóra trollið setjum við eitt undir, til dæmis þegar veður er slæmt. Núna get-


um við verið með tvö troll á ýsu, sem við gátum ekki áður, þannig að möguleikarnir verða meiri. Þetta gefur okkur mikið svigrúm og verður til dæmis auðveldara að sækja djúpkarfa og gullax með tveimur trollum. Auðvitað þurfum við ekki alltaf að vera með tvö troll. Það er frystigetan í vinnslunni um borð sem ræður ferðinni. Við gætum þess að taka ekki svo mikið að

vinnslan hafi ekki undan og höldum því miklum gæðum. Við látum vinnsluna ráða ferðinni. Við getum líka tekið nægilegt magn fyrir vinnsluna með tveimur trollum og stoppað á meðal vinnslu á fullu til að spara olíu,“ segir Arnar.

Smíðatíminn afrek við þessar aðstæður
Arnar segir útgerðina hafa átt mjög gott



Við óskum útgerð og áhöfn á Baldvin Njálssyni GK til hamingju með glæsilegt skip og þökkum gott samstarf



Um borð eru siglinga, fjarskipta og fiskileitarbúnaður ásamt skjáveggslaun frá Sónar ehf, m.a.:

- **JRC** JMR-5400 X-band og S-band radarar, Class-A AIS tæki, GPS kompásar, Navtex, GPS tæki o.fl.
- **Sailor** GMDSS pakki, VHF talstöðvar, millibylgjutalstöð, Standard-C tæki, VSAT fjarskiptakúla, Iridium Certus o.fl.
- **Avitech** MS-6 skjáveggslaun, **AG Neovo** og Samsung PRO skjáir
- **Kaijo Sonic** KDG-300 Doppler straummælir
- **Sea Tel** 120TV sjónvarpskúla
- **Tranberg** TEF-2650, LED leitarkastari og Xenon ískastarar.
- **FLIR** M364C hitamyndavél með Color Low Light myndvél.
- **GILL WindObserver 65** vindhraðanemi
- **Vision Marine** Marine Grade IP myndavélakerfi
- **Zenitel** og **Phontech** síma og kallkerfi
- **Alpha** BNWAS brúarvaktkerfi
- **Anschutz** gírókompás .fl.
- **Kannad** neyðarbauja og AIS Sart
- **SCAN** Antenna loftnet
- **Sónar** headphonekerfi
- **Crewfit** björgunarvesti með AIS neyðarsendi
- **Actisense/Sónar** NMEA dreifikerfi
- **UniFi** netkerfi
- Olex og TZ siglingatölvur
- Simrad AP70MKII sjálfstýring

SÓNAR
HEILDARLAUSN
Í SIGLINGATÆKJUM

Hvaleyrarbraut 2 - 220 Hafnarfjörður - Sími 512 8500 - sonar@sonar.is - sonar.is



■ Vinnslukerfið á þilfari skipsins er frá Klaka ehf.

Mynd: Hjörtur Gíslason



■ Nokkurs konar vöruhótel er notað til að forlokka afurðir frá vinnslunni áður en þær fara á brettum niður í lest.

Mynd: Hjörtur Gíslason

samstarf hafi verið við hönnuð skipsins, Sævar Birgisson í Skipasýn.

„Ég held að það hafi tekist vel til og allir séu ánægður. Okkur var strax hleypt að smíði skipsins og erum búnir að vera í marga mánuði úti, ég og vélstjórnarnir. Ég fór út sjötta júní og hef síðan þá verið úti að frátöldum fjórum vikum sem ég var í frí. Við áttum mjög gott samstarf við Spánverjana í Armon skipasmiðjunni. Þeir smíðu skipið á 15 mánuðum, sem er ótrúlegt afrek í miðjum heimsfaraldri. Það stóðst nánast allt upp á staf hjá þeim. Við vorum undir það búnir að afhendingunni myndi seinka eitthvað og vorum vongóðir um að koma skipinu heim fyrir jól en að komast á veiðar fyrir jól var náttúrulega alveg fráþætt. Við ætlum að taka tvo túra fyrir jól með sitthvorri áhöfninni, til að vera komnir í „full swing“ eftir áramótin.“

Strax og skipið kom til landsins var hafist handa við lokafrágang búnaðar frá íslenskum framleiðendum á vinnsludekkinu og yfirfara hann. Skipið hélt síðan til veiða nokkrum dögum eftir heimkomuna.



■ Búnaður frá Marel gerir kleift að flokka afurðir í vinnsluferlinu.

Mynd: Hjörtur Gíslason

TIL HAMINGJU

Við óskum útgerð og áhöfn á Baldvini Njálssyni GK 400 til hamingju með OptimICE® ísþykkibúnaðinn frá KAPP ehf.

OPTIMICE®

Nesfiskur ehf valdi eftirfarandi búnað:
BP-120 krapavél
T-2000 forðatank



Minnkum kolefnissporið

Sérhæfum okkur í að skipta út F-gösum (Freon) í kælikerfum og setja inn nýja kælimiðla í staðinn

LAUSNIN ER TIL

Hafðu samband við Frey Friðriksson í síma 864 0305 og saman finnum við út hvaða lausn hentar þér.

KAPP ehf
THE OPTIMICE COMPANY



Óskum Nesfiski og áhöfninni á Baldvini Njálssyni GK 400 innilega til hamingju með glæsilega nýsmíði

Í skipinu er eftirfarandi búnaður frá Wärtsilä

Aðalvél (6L32)

Gír (SCV 100/2-P68)

Skrúfustjórnun (ProTouch)

Starfsfólk Véla og skipa ehf.



Hólmaslóð 4 | 101 Reykjavík | Sími 562 0095



■ Bergþór Baldvinsson segir gott að losna við millilandanir og stytta tímann við löndum

Orkusparnaður og meira úthald

„Orkusparnaður í skipinu er umtalsverður miðað við togara af svipaðri stærð. Hitt er svo stærð skipsins sem gerir að verkum að við losnum við millilandanir. Þá er fiskurinn flokkaður á bretti niður lest, sem flýtir mjög fyrir löndun. Við það lækkar kostnaður og hægt verður að halda

skipinu úti í fleiri daga,” segir Bergþór Baldvinsson, framkvæmdastjóri Nesfisks, sem er eigandi Baldvins Njálssonar.

Skipið hóf strax veiðar með stuttum túrum nú fyrir jólin en gert er ráð fyrir fullu úthaldi eftir áramótin. Veiðiferðirnar nú í desember fóru í að prufukeyra skipið,

veiðar og vinnsla og segir Bergþór það hafa gengið vel. Hann segir að skipið kosti rúma fimm milljarða, en kostirnir við hönnum þess lækki rekstrarkostnað og auki mögulegt úthald.

Auk Baldvins Njálssonar gerir Nesfiskur út ísfisktogara, dragnotarbáta og smærri báta. Fyrir-

tækið rekur einnig frystihús í Gardinum, ferskfiskvinnslu á tveimur stöðum í Sandgerði og rækjuvinnslu á Hvammstanga. Um 350 manns vinna hjá fyrirtækinu.

Bergþór segir að staðan á mörkuðum hafi lagast þrátt fyrir að áhrifa Covid gæti enn. Verð á

sjófrystum afurðum sé til dæmis mjög gott. Nánast í hámarki. Aðrir markaðir séu að jafna sig. Eins og er sé framtíðin björt, hvað svo verða kunnir. Aðstæður séu fljótar að breytast.

nesfiskur.is



Óskum áhöfn og útgerð Baldvins Njálssonar til hamingju með nýtt og glæsilegt skip.



Í Baldvini Njálssyni er eftirfarandi búnaður frá Marás og FAJ:

IBERCISA Spilkerfi
SCANTROL Autotroll
SIMRAD Sjálfstýring

Miðhrauni 13 - 210 Garðabæ
www.maras.is / www.faj.is
S:555 6444 / 552 2111

Fagleg ráðgjöf, sala og þjónusta.
Þjóðum aðeins viðurkenndan búnað.



Baldvin Njálsson GK 400 | Tæknilegar upplýsingar og búnaður

Hönnun:	Skipasýn ehf.	Aðalvél:	Wartsila 6L32, 2.990 KW	Frystikerfi:	Kinarca, afköst á sólarhring 80 tonn
Smíði:	Armon skipasmíðastöðin í Vigo á Spáni	Ljósavélar:	tvær frá Scania, önnur 596 KW og hin 168 KW.	Vinnslukerfi:	Klaki ehf.
Lengd:	65,6 metrar	Skrúfa:	fjögurra blaða, fimm metrar í þvermál	Fiskvinnsluvélbúnaður:	Marel hf. og Curio ehf.
Breidd:	16 metrar	Gír:	Wartsila SCV 100/2 9,03:1 RPM	Frystilausnir og þökkun:	Optimar
Brúttótonn:	2.879	Vindukerfi:	Alls 30 vindur frá Iberisca, þar af þrjár togvindur með 48 tonna togkraft	Krapáskerfi:	Kapp ehf.
Íbúðir:	fyrir samtals 28 manns í sex eins manns klefum og ellefu tveggja manna	Aðalvél, gír og skrúfustjórnun:	Vélar og skip ehf.	Siglinga-, fjarskipta- og fiskileitartæki:	Sónar ehf.
Ganghraði:	allt að 15 mílur	Kranabúnaður:	tveir Ferri dekkranar	Nemakerfi:	Marport ehf.
Lestarrými:	2.720 rúmmetrar			Þvottakerfi:	Iðnver ehf.



Suðurnesjabær óskar Nesfiski og áhöfninni á Baldvini Njálssyni GK 400 innilega til hamingju með glæsilega nýsmíði



Hagkvæmni höfð að leiðarljósi

NÝ FISKISKIP

„Útgerðin vildi fá skip sem var hagkvæmt bæði í rekstri og innkaupi, þeir vildu gjarnan yfirfæra Páls Pálssonar/Breka „concept-ið“ yfir á vinnsluskip. Fyrir togara snýst hagkvæmni í rekstri fyrst og fremst um að kreista eins mikla afkastagetu og hægt er út úr hverjum olíudropa og sjálfvirknivæða skipið eins og mögulegt er til að létta störfina hjá áhöfninni, þannig að afköstin hjá hverjum manni verði sem mest,“ segir Sævar Birgisson í Skipasýn, hönnuður nýja frystitogarans Baldvins Njálssonar GK 400.

Mikil togspyrna

„Ég hugsa að Baldvin Njálsson sé einn hagkvæmasti flakatogari sem hefur verið byggður. Hagkvæmni skipsins liggur í mjög afkastamiklum framdráttarbúnaði og sérhönnuðum skrokki til að þessi búnaður nái sem bestri virkni. Aðalvél skipsins er af gerðinni Wartsila 2990 kW en skipið er búið eins stórra skrúfu og hægt er miðað við þær hafnir sem skipið notar til löndunar. Skrúfan er fimm metrar í þvermál sem skilar meiri togspyrnu en fjögurra metra skrúfa sem er algeng á skipum af svipaðri gerð.

Útgerðin lagði einnig mikið upp úr því að byggja skip, sem væri öflugt og burðarmikið án þess að það kostaði of mikið. Skipið er með 80 tonna frystigetun á sólarhring, fullkomið bolfiskvinnsluferfi, flokkunar- og plockunarkerfi, þar sem róbóti raðar fiskinum á bretti eftir tegundum og lestarnar í skipinu eru brettavæddar, svipað kerfi og er í Sólbergi ÓF. Með brettavæðingunni sparast tugir milljóna á ári í löndunarkostnaði, því allur fiskur er flokkaður sjálfvirk um borð. Það þarf því ekki mannskap til að flokka aflann í landi,“ segir Sævar.



■ Sævar Birgisson hönnuður hjá Skipasýn segir að frystiskipið Baldvin Njálsson GK 400 sé einn sá hagkvæmast togari sem hefur verið byggður.

Mynd: Hjörtur Gíslason



■ Togarinn gengur allt að 15 mílum og knýr risastór skrúfa skipið áfram.



■ Hægt er að vera bæði með eitt troll eða tvö undir eftir því sem hentar og aðstæður leyfa.

Nýtni skrúfunnar hámarkuð

„Það er fjöldinn allur af nýjungum í þessu skipi, eins og til dæmis búnaðurinn sem gerir mönnum kleift að keyra aðalvélin á breytilegum snúningi, frá 600 sn/min upp í 750 sn/min og nýta á sama tíma ásráfallinn til orkuframleiðslu. Þannig fer öll orkuframleiðsla skipsins í gegn um búnað sem skilar annars vegar 60 ríða straum til smærri notenda og jafnstraum til ríðabreyta stærri notenda, eins og togspila og frystipressa. Þetta gerir mönnum kleift að keyra alltaf með hagkvæmasta snúningshraða á skrúfu skipsins, 60-80 sn/min, og hámarka þannig nýtni skrúfunnar, halda stöðugri tíðni fyrir ríðstraums notendur og keyra stóra hraðastýrða notendur með einföldum tíðnibreytum, sem endast helmingi betur en tvöfaldir tíðnibreytar þar sem ríðsstraums notanda er stýrt út frá ríðstraum með tvöföldum tíðnibreyti,“ segir Sævar.

Að utan er skipið allt heitgalvaniserað og málað með hágæða málningarkerfi frá Hempels.

skipasyn.is

Hágæða vörur fyrir sjávarútveginn og iðnaðinn í yfir 30 ár



HNÍFALOKAR · RENNILOKAR · SPJALDLOKAR · KEILULOKAR · SÍÐULOKAR
BOTNLOKAR · EINSTEFNULOKAR · KÚLULOKAR · SÍUR · RENNSLISMÆLAR

VK vörukaup

Metnaður og þjónusta í þína þágu

LAMBHAGAVEGI 5 · 113 REYKJAVÍK · SÍMI 516-2600 · vorukaup@vorukaup.is · www.vorukaup.is

KVIKA

Við óskum eigendum
og áhöfn til hamingju með
nýtt og glæsilegt skip



MARPORT


MARPORT

MARPORT.COM

 ICELAND

 USA

 SPAIN

 NORWAY

 FRANCE

 SOUTH AFRICA

Lágþrýstipvottakerfin betri valkostur

IÐNAÐUR

„Við erum nýbúnir að setja upp sjálfvirktt þvottakerfi á öll færribönd í nýja frystitogarann Baldvin Njálsson GK 400 en þetta er í fyrsta skipti sem slíkt kerfi er sett niður um borð í íslensku fiskiskípi. Svona kerfi eru orðin algeng um borð í dönskum og grænlandskum togurum og ég spái því að innan fárra ára verði þau komin um borð í flest íslensk fiskiskip,“ segir Pétur Blöndal, framkvæmdastjóri og aðaleigandi Iðnvers ehf. í samtali við Sóknarfæri.

Lágþrýst þvottakerfi betri valkostur

Lágþrýst þvottakerfi fyrir matvælavinnslur hafa verið að ryðja sér rúms á undanförunum árum og þau flytur Iðnver ehf. inn frá danska framleiðandanum System Cleaners. Að sögn Péturs henta lágþrýstu þvottakerfin afar vel í hverskonar matvælaíðnaði. Hann segir þau ekki aðeins ætluð fyrir fiskvinnslur og skip heldur allan matvælaíðnað. Nýlega hafi Iðnver t.d. sett upp kerfi í samlokugerðina Sóna og einnig Arnarfax.

„Í reynd eru þetta þrjúþætt kerfi, þ.e. með kvoðusápu, þvotti og sótthreinsun. Þau eru hættuminni, fljótlegri í notkun og þurfa minna viðhald heldur en eldri háþrýstikerfi sem að auki geta skemmt viðkvæman búnað. Þessi



■ Pétur Blöndal, framkvæmdastjóri Iðnvers. „Í reynd eru þetta þrjúþætt kerfi, þ.e. með kvoðusápu, þvotti og sótthreinsun. Þau eru hættuminni, fljótlegri í notkun og þurfa minna viðhald heldur en eldri háþrýstikerfi.“

nýju kerfi skila betri þvotti en háþrýstingurinn sem getur aukið smithættu, þau eru tiltölulega ódýr í innkaupum og uppsetningu og spara mikið vinnuafli. Við bjóðum ýmsar gerðir og stærðir og eigum þvottakerfi sem henta við afar ólíkar aðstæður.“

Vottaðar reimar

Pétur segir Iðnver vinna náði með

fyrirtækjum sem smíða vinnslubúnað fyrir sjávarútveginn og að fyrirtækið hafi því haft mikið að gera á undanförunum árum vegna verkefna þessara fyrirtækja í nýjum fiskvinnslum, bæði hér á landi og erlendis.

„Þetta gengur þannig fyrir sig að þessir aðilar annast alla járnsmíði í færriböndunum en við komum síðan með reimarnar

sjálfar og það sem þeim tengist. Þær geta verið af ýmsum gerðum, allt frá því að vera heilsteyptar gúmmíreimar yfir í reimar sem eru samsettar úr plastkubbum. Við höfum mikla reynslu á þessu sviði enda koma reimar víða við sögu. Til dæmis er ISAVIA einn af okkar viðskiptavinum með reimar í afgangslukerfin á Keflavíkurflugvelli,“ segir Pétur.

Öll efni sem notuð eru í reimaframleiðsluna hjá Iðnver eru vottuð fyrir matvælavinnslur og „þrifavæn,“ eins og Pétur orðar það. „Við bjóðum einnig allar legur, kefli, mótora og annað sem þarf til að smíða færriböndin, allt annað en járnsmíðina sjálfa.“

idnver.is

Simberg ehf óskar Nesfiski í Garði og áhöfn til hamingju með nýtt og glæsilegt fiskiskip Baldvin Njálsson GK 400




Simberg ehf

Akralind 2 - 201 Kópavogur



*Óskum Nesfiski og áhöfn
Baldvins Njálssonar til hamingju
með afhendingu nýs og glæsilegs frystitogara*

Við þökkum traustið og farsælt samstarf við smíðina



 **KLAKI**

Mikill áhugi fyrir Bílastuði Eignaumsjónar hjá stjórnnum húsfélaga

HÚSNÆÐI

Innleiðing er hafin hjá fyrstu 10 húsfélögum á sérhæfðri innheimtu Eignaumsjónar vegna rafbílahleðslu. Samningar um heildarumsjón með rafbílahleðslu eru í ferli hjá sjö stórum húsfélögum, en samtals eru þessi 17 húsfélög með á annað þúsund eignarhluti/íbúðir.

Rafbílum fjölgar hratt hérlandis og mikill áhugi er meðal stjórna húsfélaga fyrir Bílastuði Eignaumsjónar – kærkominni viðbót fyrir húsfélög sem hyggja á uppsetningu rafhleðslukerfa.

„Greiðslulausnir okkar eru þær hagkvæmstu fyrir rafbílaeigendur í fjölbýlishúsum. Þjónustu- og uppsetningaraðilar sem þegar nýta þessar greiðslulausnir í tilboðum í hleðslukerfi húsfélaga eru Hleðsluvaktin, Tæknivit, Berg-risi, Rafsel og Faradice. Eftir því sem þjónustunni vex fiskur um hrygg gerum við ráð fyrir að fleiri

þjónustuaðilar bætist í hópinn,“ segir Bjarni G. Hjarðar, sérfræðingur og ráðgjafi hjá Eignaumsjón.

Úttekt á hleðsluaðstöðu og framkvæmdaáætlun

Fyrsta skrefið í þjónustu Eignaumsjónar er hlutlaus og fagleg úttekt á mögulegu hleðslukerfi hússins og gerð kostnaðar- og framkvæmdaáætlunar. Félagið hefur þegar gert á þriðja tug úttekta og á annan tug eru í vinnslu.

Í framhaldi af úttektum gerir Eignaumsjón verðathugun og aflar tilboða í hleðslukerfi fyrir þær húsfélagsstjórnir sem þess óska, aðstoðar við val á hentugasta hleðslukerfi miðað við þarfir viðkomandi húsfélags og fylgir eftir uppsetningu og innleiðingu meðal íbúa.

Félagið tryggir einnig endurgreiðslu virðisaukaskatts, eins og af öðrum framkvæmdum og annast umsóknir um styrki ef við á.



■ Álalind 18-20 er meðal húsfélaga sem hafa nýtt sér Bílastuð Eignaumsjónar. Þar eru komnar upp hleðsluáætlanir frá Hleðsluvaktinni, einum þeirra fimm þjónustu- og uppsetningaraðila sem eru að nýta greiðsluþjónustu Eignaumsjónar fyrir hleðslukerfi rafbíla í fjölbýlishúsum.

Sjálfvirk innheimtuþjónusta

Þegar hafa 10 af þeim húsfélögum, sem Eignaumsjón vann úttekt fyrir á uppsetningu rafhleðslukerfa, ákveðið að fela Eignaumsjón að sjá um sjálfvirka innheimtu gjalda vegna rafbílahleðslunnar.

Ábyrgð á innheimtunni færast þá frá stjórn viðkomandi húsfélags til Eignaumsjónar sem annast aflestur notkunar og útbýr reikning mánaðarlega. Kostnaðurinn færast á húsgjaldareikning viðkomandi notanda ef húsfélagið er í þjónustu hjá Eignaumsjón

og er án álags á raforkunotkun bílaeigenda.

„Sjálfvirka innheimtuþjónustan getur einnig nýst félögum sem eru ekki í húsfélagsþjónustu hjá Eignaumsjón og er þá útbúinn sérreikningur á viðkomandi notanda í greiðsluþjónustu hjá banka eins og algengt er,“ bætir Bjarni við.

Heildarumsjón með rafhleðslukerfum húsfélaga

Sjö stór húsfélög í húsfélagþjónustu hjá Eignaumsjón hafa svo tekið skrefið alla leið, ef svo má að orði komast. Þessi sjö félög hafa samþykkt að Eignaumsjón hafi heildarumsjón með rekstri og viðhaldi hleðslukerfa viðkomandi húsfélaga. Þjónustusamningur fyrir fimm þeirra liggur fyrir og gert ráð fyrir að fleiri klárast fljótlega.

„Rafhleðslukerfin í þessum húsfélögum jafna álagi og bregðast við bæði aftoppum og yfirálagi á heimtaug. Kerfin eru að fullu snjallvædd sem tryggir einnig nákvæma skrá um notendur og notkun, enda er það forsenda fyrir réttri og sanngjarnri innheimtu. Þjónustuvakt vegna bílana og þjónustubeiðna er alla daga vikunnar og reglulegt mat gert á afköstum og gæðum kerfa, ásamt árlegri úttekt á orkukostnaði frá smásölum,“ segir Bjarni G. Hjarðar, sérfræðingur Eignaumsjónar í uppsetningu hleðslukerfa rafbíla í fjölbýlishúsum, að lokum.

eignaumsjon.is



Netaverkstæði Suðurnesja óskar Nesfiski og áhöfninni á Baldvini Njálssyni GK 400 innilega til hamingju með glæsilega nýsmíði



**Netaverkstæði
Suðurnesja**

Brekustig 41 - 260 Reykjanesbæ
Sími 421 2270 - net@internet.is



VIÐ GERUM
ÚT Á GÓÐA
ÞJÓNUSTU



Héraðsprent

FJARÐABYGGÐARHAFNIR

Mjóafjarðarhöfn
Norðfjarðarhöfn
Eskifjarðarhöfn
Mjóeyrarhöfn
Reyðarfjarðarhöfn
Fáskrúðsfjarðarhöfn
Stöðvarfjarðarhöfn
Breiðdalsvíkurhöfn



*Óskum landsmönnum
gledilegra jóla og farsældar
á árinu 2022*



FJARÐABYGGÐ
www.fjardabyggd.is

Óskum landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári



Gjögur

Kringlunni 7 - 103 Reykjavík



Hvalur hf.

Reykjavíkurvegi 48
220 Hafnarfjörður



GRINDAVÍKURHÖFN



AGS fiskmarkaður
Grímsey



**Grundar-
fjarðarhöfn**



Sjálfvirkt meðalhraða- eftirlit tekið í notkun

SAMGÖNGUR

Meðalhraðaeftirlit hefur verið tekið upp á tveimur vegarköflum í íslenska þjóðvegakerfinu, annars vegar í Norðfjarðargöngum og hins vegar á Grindavíkurvegi. Rannsóknir sýna að meðalhraðaeftirlit er áhrifaríkt en punkthraðaeftirlit eins og notað hefur verið til þessa. Í frétt frá Vegagerðinni segir að vonast sé til að hægt verði að fjölga meðalhraðaköflum á næstu misserum. Vegagerðin ber ábyrgð á tæknilegri framkvæmd eftirlitsins, en Ríkislögreglustjóri ber ábyrgð á úrvinnslu og innheimtu sekta.

Meðalhraðinn mældur

Á Íslandi hefur sjálfvirkt punkthraðaeftirlit verið virkt um alllangt

HVAÐ BAR HÆST Á ÁRINU?

Þjóðarsátt er nauðsyn



■ Jóhann Baldursson, forseti Sambands stjórnendafélaga

Það er erfitt að segja að eitthvað hafi staðið uppúr á árinu en covidfaraldurinn er allt sem árið snérist um. Það hefur haft í för með sér atvinnuleysi og erfiðleika hjá mörgum, m.a. kulnun í starfi og ýmsa aðra kvilla. Þá er gott að eiga sterkan sjúkrasjóð. Sem betur fer er þróunin að snúast til betri vegar því atvinnuleysið minnar hratt og kaupmáttur hefur haldið sér.

Á komandi ári þarf að ganga hægt um gleðinnar dyr. Ríkisstjórnin á erfitt verk fyrir höndum en sátt þarf að koma á í þjóðfélaginu og allir verða að ganga í takt til að allt fari vel. Það má ekki bara skella skuldinni á þá lægst launuðustu og því þarf að gera einhvers konar þjóðarsátt sem allir taka þátt í. Þá þarf að setja þak á arðgreiðslur til einstaklinga, a.m.k. að skattur verði greiddur eins og hjá hinum almenna launamanni af svoleiðis tekjum. Einnig þarf að nást sátt um að leigugjald verði greitt vegna afnota allra auðlinda þjóðarinnar, ekki aðeins í sjávarútvegi. Ef vel tekst til að stýra þessu þá eigum við Íslendingar mjög bjarta framtíð.

skeið, en Vegagerðin kom fyrst að rekstri þess árið 2006 í tengslum við umferðaröryggisáætlun stjórnvalda. Þá er hraði ökutækja mældur á ákveðnum stað á vegi og mynd tekin af þeim ökutækjum sem ekið er hraðar en leyfilegt er. Sjálfvirkt meðalhraðaeftirlit byggir hins vegar á því að meðalhraði ökutækis sem fer tiltekna vegalengd er reiknaður út með því að deila í vegalengd með tíma. Teknar eru myndir af öllum ökutækjum og búnaðurinn greinir hversu lengi ökumaður var að aka á milli myndavélanna og þannig reiknaður út meðalhraði ökutækisins á



■ Markmiðið með nýjum hraðamyndavélum er að auka umferðaröryggi.

Ljósmynd: Vegagerðin.

kaflanum. Ef útreiknaður hraði er meiri en leyfilegt er telst viðkomandi ökumaður brotlegur og eftir

það sér lögregla um frekari úrvinnslu og sektarboð. Öll gögn eru dulkóðuð og myndir af þeim sem

ekki eru brotlegir eyðast sjálfkrafa í myndavélunum. Eftirlitskaflarnir hafa verið merktir með skiltum sem gefa eftirlitið til kynna.

Góð reynsla í Noregi

Í Noregi og víðar hafa áhrif sjálfvirkis meðalhraðaeftirlits á umferðaröryggi reynst afar jákvæð. Samkvæmt skýrslu Transportökonomisk institutt, sem kom út árið 2014, fækkaði slysum með meiðslum á fólki um 12-22% og alvarlega slösuðum og látnum fækkaði um 49-54% á köflum þar sem sjálfvirkt meðalhraðaeftirlit hafði verið sett upp. Þessar tölur eiga við um vegarkafllan milli myndavéla, en auk þess hafa vélarnar áhrif utan vegarkafllans eða allt að þrjú km frá hvorri myndavél.



Römm er sú taug

Það var árið 1926, á Suðureyri við Súgandafjörð, sem 66°Norður hóf að framleiða sjóklæði. Við erum stolt af því að geta enn í dag auðveldað íslenskum sjómönnum og fiskverkunarfólki verkin.

Sjó- og vinnufatnaður er fáanlegur í verslun 66°Norður Miðhrauni 11 og hjá fyrirtækjaviði 66°Norður í síma 535-6660 eða í netfanginu soludeild@66north.is

66north.is

Sumum finnst skatan aldrei nógu sterk!

VERSLUN

Í versluninni FISK kompaní á Akureyri byrjaði undirbúningur jólanna um sumarmál síðasta vor þegar gengið var frá kaupum á jólahumrinum, íslenskum að sjálfsgöðu! Þegar nær hefur dregið jólum hefur verslunin smám saman tekið á sig jólalegri blæ; úrvalið aukist í alls kyns sælkeravörum, fiskmeti og kjöti

en þó nafnið bendi til annars þá er FISK kompaní ekki bara sælkeraverslun í fiski heldur einnig í kjötvörum. Hátindinum nær undirbúningur jólanna þegar byrjað er að skera þorláksmessuskötuna sem nú var byrjað á hálfum mánuði fyrir jól. Þau Ragnar Hauksson og Ólöf Ásta Salmannsdóttir, sem rekið hafa FISK kompaní frá árinu 2013, segja yfirstandandi ár hafa verið mjög gott, enda hafi fólk lítið farið erlendis og mikið verið af

ferðafólki á Akureyri. „Við höldum að árið 2020 yrði ekki toppað en annað kom á daginn,“ segja þau.

Skötuilmurinn kemur með jólin þau hjón eru sammála um að þessi árstími sé einn sá allra skemmtilegasti á árinu í versluninni. „Það er alveg sérstök stemning sem fylgir þessum tíma og ekki síst þegar skötulyktin fer að berast um húsið,“ segja þau hjón. Hálfum mánuði fyrir jól var byrjað



■ Ragnar Hauksson, eigandi FISK kompanís, byrjar sæll og glaður að skera fyrstu sköturnar fyrir verslun sína nú í aðdraganda jólanna.




Curio óskar Nesfiski í Garði og áhöfn til hamingju með nýtt og glæsilegt fiskiskip og nýjar Curio fiskvinnsluvélar um borð



Aflann og vörur í örugga höfn

Óskum landsmönnum
gleðilegra jóla og
farsældar á árinu 2022



Ljósmynd: Pétur Þór Lárusson.



Ljósmynd: Pétur Kristjánsson.



Ljósmynd: Gunnlaugur Rögnvaldsson.



Ljósmynd: Pétur Þór Lárusson.



Ljósmynd: Pétur Þór Lárusson.



Ljósmynd: Pétur Þór Lárusson.



Ljósmynd: Pétur Þór Lárusson.



Faxaflóahafnir sf
Associated
Icelandic
Ports



■ Krásirnar fylla verslun FISK kompanís nú fyrir jólin.



■ Lyktin er góð. Kæsingin hefur tekist einstaklega vel í ár.



■ Sælkerakörfur verða sífellt vinsælli jólagjöf.

að skera skötu í vinnslunni sem FISK kompaní er með í verslunarhúsnæði sínu í Naustahverfi á Akureyri og þau Ragnar og Ólóf Ásta eru þess fullviss að skatan í ár verði herraþammsmatur, eins og jafnan áður.

„Viðskiptavinir okkar byrja snemma í desember að spyrja um skötuna, sumir kaupa jafnvel bita til að smakka svo þeir séu allveg 100% vissir um að vera með það besta í skötuveislunni á Þorláksmessu. Skatan í fyrra var sérlega vel kæst og fin en sannarlega hefur fólk mjög misjafnar skoðanir á því hvernig skatan á að vera. Sumir vilja hana mjög kæsta, aðrir minna og þar fram

eftir götum. Þeir eru líka til sem finnst skatan aldrei nógu kæst. Þetta er mjög skemmtilegt,” segja þau.

Fiskur er líka jólamatur

Oft er talað um jólin sem kjöthátíðina miklu og víst er sala á hangikjöti, hamborgarhrygg og ýmsu öðru kjötmeti mikil í FISK kompaní fyrir jólin og yfir hátíðarnar. „Við bjóðum líka á þessum árstíma sérvinnslu á hátíðarréttum eins og Wellington-nauti auk þess sem gjafakörfur sem við útbúum með alls kyns sælkeraréttum eru afskaplega vinsælar,” segir Ólóf Ásta.

Eigendum FISK kompanís

lærðist fljótt að þrátt fyrir að kjöt sé í aðalhlutverki hjá flestum um jól og áramót þá eru líka fjölskyldur sem velja fiskrétti í hátíðarmatinn. „Við erum alltaf með opið á aðfangadag fyrir þá sem vilja ná í ferskan fisk til okkar í jólamatinn. Víða erlendis er fiskur miklu þekktari sem jólamatur en kjötið þó það sé ekki þannig á Íslandi. En síðan er það alltaf reynslan að strax þegar við opnum á nýju ári þá streyma viðskiptavinirnir að til að fá sér góðan fisk eftir alla kjötneysluna.”

Gæðin eru aðal atriðið

Hráefni FISK kompanís kemur beint af fiskmörkuðum á nóttunni

og undir morgun hefjast Ragnar og samstarfsmenn hans handanna við að vinna fiskinn og gera klárt fyrir fiskborðið þegar verslunin er opnuð kl. 11.

„Við höfum alla tíð lagt höfuðáherslu á gæðin og kaupum eingöngu fyrsta flokks hráefni á mörkuðum, jafnvel þó ódýrara sé í boði. Gæðin eru ofar öllu öðru og allur okkar fiskur er línuveiddur,” segir Ragnar og viðurkennir að það geti verið misjafnt hvernig gengur að fá fisk en aldrei er þó skortur. „Inn í þetta getur spilað gæftaleysi, minni veiði og samkeppni um hráefnið við útflytjendur. Hvort sem okkur líkar betur eða verr þá sveiflast verðið dálítið

til eftir því hvernig eftirspurnin er erlendis,” segir hann.

Ragnar og Ólóf Ásta segja viðskiptavinahópin stóran. „Ýsa í mánudagssoðið, fiskibollur, plockfiskur, fiskur í raspi. Þetta þarf alltaf að vera til í borðinu en svo eru tilbúnu fiskréttirnir svin-sælir. Einfaldir réttir að matreiða fyrir hvern sem er. Í okkar viðskiptavinahópi eru fastakúnnar á öllum aldri og það kemur stundum fyrir að yngstu börnin fá að velja fyrir foreldrana fiskinn í kvöldmatinn. Það eru allar kynslóðir hrifnar af fiski.”

fiskkompani.is

Skipasýn óskar eigendum og áhöfn á Baldvini Njálssyni GK 400 til hamingju með nýtt og glæsilegt skip



SKIPASÝN
ICELANDIC



Frumkvöðlar í skipahönnun

*Óskum viðskiptavinum og
landsmönnum öllum gleðilegra jóla
og farsældar á nýju ári*

NAUTIC


Ármúli 1 // 108 Reykjavík
Sími 5 400 515
nautic@nautic.is
nautic.is

Fiskur um jólin

Jólin snúast sannarlega ekki bara um þungar kjötmáltíðir. Það er um að gera að nýta sér það frábæra og ferska hráefni sem okkur býðst úr sjávarauðlindinni við landið og slá í gegn með jólaveislu þar sem fiskur er í aðalhlutverki. Hér eru fjórar uppskriftir að frábærum fiskréttum sem sóma sér vel á borðið um hátíðarnar. Þessar uppskriftir eru meðal þeirra sem birst hafa vikulega á sjávarfréttavefnum Auðlindinni á árinu (www.audlindin.is) Njótið vel!



HUMARSÚPA

Hráefni:

12 humarhalar, fjöldinn fer eftir stærð, bara fleiri ef þeir eru smáir
2 msk. smjör
1 msk. ólífuolía
1 laukur, smátt saxaður
2 miðlungs gulrætur, afhýddar og smátt saxaðar
2 stillkar sellerí, smátt saxað
1 tsk. ferskt timian, smátt saxað
1 tsk. ferskt tarragon, smátt saxað
1 teningur kjúklingakrydd
½ tsk. salt
¼ tsk. nýmalaður svartur pipar
½ tsk. cayenne pipar
4 hvítlauksgeirar, marðir
2 msk. tómataþykkni
3 msk. hveiti
2½ balli hvítvín eða sérrí
1 lítri humar- eða fiskisoð
1 balli rjómi
hvítlaukssmjör
2 msk. smjör
2 hvítlauksgeirar, marðir
salt og pipar efir smekk

Matreiðsla

Skelflettið humarinn og garnhreinsið halana. Steikið skelina í smjöri þar til lyktin verður góð. Bætið þá öllu grænmetinu út í og látið krauma um stund. Veidið skelina upp úr pottinum og bætið við lítra af vatni og látið sjóða aðeins niður. Þykkið sósuna með hveiti ef þurfa þykir. Bætið þá tómataþykkninu út í, víninu og rjómanum og látið sjóða lítillega niður.

Bætið humarhölunum út í og látið súðuna koma upp. Takið pottinn af hellunni og deilið súpunni á fjóra diska. Gott er að setja sprauturjóma út í og berið fram með hvítlauksbrauði. Ef afgangur er af víninu er gott að hafa það með súpunni. Annars er bara að opna aðra flösku!



JÓLALEGUR HÖRPUDISKUR MEÐ TÓMÖTUM

Hráefni:

500 g hörpudiskur, um það bil 10 til 15 bitar eftir stærð.
500 g cherry tómatar
1 vorlaukur, saxaður
rifinn börkur af einni sítrónu og helmingur af henni í sneiðum.
½ balli af ólífuolíu
1 tsk. muldar rauðar piparflögur
salt og pipar eftir smekk
¼ balli ósaltaðar jarðhnetur
smávegis af smjöri
graslaukur og basilíka

Matreiðsla

Setjið tómata í eldfast mót, best að stinga í þá, svo þeir gefi safann frá sér. Bætið þá vorlauknum, sítrónuberkinum og sneiðunum út á, hellið olíunni yfir og dreifið hnetunum yfir. Bakið í ofni við 180°C í 35 til 40 mínútur.

Þurrkið hörpudiskbitana og kryddið. Steikið hörpudiskinn í olíu við háan hita í 2-2½ mínútu, snúið þeim við og setjið smjörklípuna út á pönnuna og steikið í mínútu til viðbótar. Takið pönnuna af hitanum og leggið hörpudiskinn til hliðar.

Setjið tómatablönduna ásamt basilíkunni á pönnuna og látið súðuna koma upp. Bætið þá hörpudiskinum, hnetunum og graslauknum út í. Berið réttinn fram í fjórum skálum, eða fleiri eftir þörfum.



STEIKTUR SALT FISKUR AÐ KATALÓNSKUM HÆTTI

Hráefni:

1-1,2 kg. saltfiskur (hnakkastykki)
1 dl. ólífuolía
1 stk. saxaður laukur
5 stk. hvítlauksgeirar, skornir í þunnar sneiðar
1 stk. rauð paprika, skornir í þunnar sneiðar
4 sneiðar af beikoni, skornar í ræmur
500 g. tómatar úr dós
5 g. rósmarín
1 dl. spænskt rauðvín
1 dl. fiskisoð
100 möndlur (afhýddar)
svartur pipar úr kvörn
salt ef með þarf

Matreiðsla

Skerið saltfiskinn í hæfilega stóra bita og veltið upp úr hveiti, steikið á vel heitri pönnu í 4-5 mín. eftir þykkt. Kraumið laukinn, hvítlaukinn, paprikuna og beikonið í 10 mín. eða þangað til það er vel meyr. Bætið nú út í rósmarín og fláðum tómötum, kremjið tómata vel í pottinum og látið sjóða vel saman.

Bætið í rauðvíni og fiskisoði. Ristið möndlurnar á þurri pönnu eða í grilli, malið þær þvínæst í matvinnsluvél. Látið út í sósuna til þess að þykkja hana.

Berið fram með krydduðum hrísgrjónum.



KEILA MEÐ GRASLAUKSSMJÖRI

Graslauksmjör

220 g smjör við stofuhita
2 msk. smátt saxaður graslaukur
1 hvítlauksgeiri, marinn
smá salt

Keila

4 bitar af keilu, roð- og beinlausir, hver um 180 g.
sjávarsalt og nýmalaður svartur pipar.
2 msk. ólífuolía

Matreiðsla - graslauksmjör

Hrærið smjörið í skál uns það er orðið létt og aðeins loftkennt. Bætið þá graslauknum, hvítlauknum og salti út í og hrærið vel saman. Færið smjörið yfir á plastfilmu og rúllið henni upp í sívalning, um 3,5 sentímetra að þvermáli. Lokið endunum og setjið í frysti í um 20 mínútur.

Matreiðsla - keila

Kryddið keiluna ríflega með salti og pipar. Hitið olíuna á pönnu uns hún er orðin snarpheit. Veltið keilunni upp úr hveiti og steikið á báðum hliðum í 4 mínútur eða þar til fiskurinn er orðin fallega gullinn.

Skerið smjörið í þunnar sneiðar og leggið á flökin þegar fiskurinn er borinn fram. Gott er að hafa með þessum rétti soðin hrísgrjón, ferskt salat að eigin vali og gott brauð.

Óskum landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á árinu 2022






Markus Lifenet maður fyrir borð björgunarbúnaður

Markus Lifenet ehf. (Björgunarnetið Markús)

Er sérhæft í þróun og framleiðslu búnaðar til að bjarga fólki úr sjó. Meðal þekktara framleiðsluvara eru Markúsarnet og léttabátanet en einnig eru framleiddir þar neyðarstigir og kastlínur sem henta einkar vel um borð í smábátum.



Neyðarstigi í dekkbáta með allt að 1,8 m borðhæð sem haga má þannig að maður í sjó geti kippt stiganum niður og klifrað upp.



Markúsarnet

Fyrir allar tegundir skipa og báta

Léttabátanet / Veltinet

Er létt, auðvelt að festa og fljótlegt til björgunar, tekur lítið pláss og pakkast hratt og örugglega, leggst mjúklega utan um einstaklinginn og er einfalt í notkun.



Stök kastlína í kastpoka fyrir allar gerðir skipa og báta og til að hafa merðferðis á ferðalögum.

Óskum landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á árinu 2022

Samtök iðnaðarins

Ný sam- tök um raf- eldsneyti

IÐNAÐUR

Samtök vetnis- og rafeldsneytisframleiðenda er nýr starfsgreinahópur innan Samtaka iðnaðarins. Í samtökunum eru fyrirtæki sem öll eru tengd vetnis- og rafeldsneytisframleiðslu. Nýju samtökin hafa það m.a. að markmiði að fræða almenning, atvinnulíf og stjórnvöld um umhverfislegan og efnahagslegan ávinning vetnis.

Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins segir þau stíga stórt skref með stofnun þessa nýja starfsgreinahóps. „Ísland hefur margt fram að færa í grænum lausnum og með þessum nýju samtökum skapast vettvangur þar sem hvatt verður til rannsókna, þróunar og innleiðingar á endurnýjanlegu eldsneyti og orkuöflunar fyrir slíka framleiðslu. Þarna er um að ræða öflugan faghóp fyrirtækja sem vilja hafa áhrif á uppbyggingu samkeppnishæfs starfsumhverfis og ímyndar Íslands sem ákjósan-

legs lands fyrir framleiðslu á vetni og rafeldsneyti.“

Auður Nanna Baldvinsdóttir, formaður Samtaka vetnis- og rafeldsneytisframleiðenda: „Með stofnun þessara samtaka er verið að leggja grunn að framgangi og vitundarvakningu um mikilvægi vetnis og rafeldsneytis sem nauðsynlegs þáttar í orkuskiptum, sérstaklega í stærri farartækjum sem erfitt er að rafvæða. Hagkvæm og umhverfisvæn vinnsla á grænu eldsneyti gæti orðið eitt stærsta framlag okkar sem þjóðar á sviði loftslagsmála, lækkað til muna innflutning á jarðefnaeldsneyti og skapað dýrmæt hátæknistörf fyrir Ísland.“

Í stjórn Samtaka vetnis- og rafeldsneytisframleiðenda eru Auður Nanna Baldvinsdóttir, framkvæmdastjóri IðunnH2, formaður, Eyjólfur Lárusson, Carbon Iceland, Hallmar Halldórsson, Clara Artic Energy, og Tryggvi Þór Herbertsson, Qair Iceland.



■ Frá stofnfundi, talið frá vinstri, Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI, Hallmar Halldórsson, framkvæmdastjóri Clara Artic Energy, Sigríður Mogensen, sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs SI, Tryggvi Þór Herbertsson, stjórnarformaður Qair Iceland, Auður Nanna Baldvinsdóttir, framkvæmdastjóri IðunnH2, Eyjólfur Lárusson, framkvæmdastjóri Carbon Iceland, og Lárus M.K. Ólafsson, viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði SI.

Ljósmynd: Birgir Ísleifur.

HVAÐ BAR HÆST Á ÁRINU?

Þarf að treysta undirstöðurnar

Hvað stóð upp úr í þínu fyrirtæki/stofnun á árinu?

Baráttan við faraldurinn á ferðaþjónustu tók eðlilega mikið pláss á árinu. Annars vegar viðbrögð við afleiðingum hans á rekstur ferðaþjónustufyrirtækja og hins vegar mótun áhersla okkar um viðspyrnuna, sem við vonum að sé nú hafin af fullum krafti. Einkenni er seigla og baráttuandi hjá stjórnendum og starfsfólki í ferðaþjónustu, sem hafa í sífellu séð og sjá enn, afkomu sinni stefnt í voða.

Hver eru helstu sóknarfærin í þjóðfélaginu á næsta ári?

Helsta sóknarfærið til skamms

tíma er án efa endurreisn ferðaþjónustunnar. Enda eru flestir sammála um að endurreisn hennar og aukinn hagvöxtur haldist óhjákvæmilega í hendur. Ferðaþjónustan er eina atvinnugreinin sem getur vaxið nógu hratt til að stoppa upp í fjárlagagatið. Því væri það bordleggjandi að treysta undirstöður hennar enn frekar, til dæmis með innspýtingu fjármagns og hugvits í rannsóknir og innviði og ekki hvað síst með öflugum markaðsátaki á lykilmörkuðum greinarinnar. Í fjárlagafrumvarpinu er markið sett hátt – og það næst ekki af sjálfu sér.



■ Bjarnheiður Hallsdóttir, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar.

NORTHROP GRUMMAN

Sperry Marine

SIMBRAD

JOTRON

JRC

KONGSBERG

Gledileg Jól

Askalind 2
201 Kópavogur

Simberg

Sími 414-4414

www.simberg.is
simberg@simberg.is



Hágæða vinnuföt

mikið úrval

Sérmerkjum fyrir fyrirtæki



OD DUNDERDON

Snickers WORKWEAR vinnuföt fást einnig í

BYKO
GERUM PETTA SAMAN

Mikið úrval af öryggisvörum

uvex **MILLER** **OTTER**

TOE GUARD **SOLID GEAR**

Honeywell **Hultafors**

HILTI

Verkfæri og festingar

Opið: 8-18 virka daga – 10-12 laugardaga



■ Eva Lillý Bjarndal Einarsdóttir, framleiðslustjóri hjá 66°Norður. „Við veljum hráefnið í okkar vörur af kostgæfni og hönnum fótin þannig að þau standast kröfur markaðarins í einu og öllu.“

Engar málamiðlanir hjá 66°Norður

IÐNAÐUR

„Fatnaðurinn frá 66°Norður er hannaður fyrir margvíslega notkun fyrir fjölbreyttar aðstæður og þarf alltaf að standast ítrustu kröfur við erfiðustu veðurskilyrði. Okkar markmið er að flíkurarnar okkar endist á milli kynslóða og því gerum við engar málamiðlanir þegar kemur að efnisvali. Við höfum frá upphafi rekið okkar eigin verksmiðjur og saumaverkstæði og búum því yfir áratuga reynslu og sérþekkingu á fatnaði 66°Norður,“ segir Eva Lillý Bjarndal Einarsdóttir, framleiðslustjóri hjá 66°Norður.

Appelsínuguli stakkurinn

Fyrirtækið 66°Norður var stofnað árið 1926 til að mæta lífsnauðsynlegri þörf fyrir vinnufatnað, einkum fyrir sjómenn. Allir þekkja appelsínugula stakkinn sem hefur verið framleiddur hjá fyrirtækinu frá upphafi. Síðan hefur bæst við fjölbreytt úrval fatnaðar af öllu tagi, t.d. landvinnufatnaður, fatnaður fyrirútivistarfólk og á síðustu árum hefur fyrirtækið í vaxandi mæli lagt áherslu á fatnað sem tengist lífsstíl.

„Við veljum hráefnið í okkar vörur af kostgæfni og hönnum fótin þannig að þau standast kröfur markaðarins í einu og öllu. Meginhluti okkar vöru er framleiddur í Lettlandi undir öflugum gæðaeftirliti en hér heima erum við einnig með framleiðslu og



■ 66°Norður rekur eigin viðgerða- og breytingaþjónustu sem byggir á áratuga reynslu og sérþekkingu á fatnaði fyrirtækisins.

rekum að auki eigin viðgerða- og breytingaþjónustu sem byggir á áratuga reynslu og sérþekkingu á fatnaði okkar. Við leggjum alltaf áherslu á að vörur okkar endist eins lengi og kostur er og reynum að eiga birgðir af efnum sem við nýtum svo til að lengja lífið á flíkunum okkar. Þetta er ekki aðeins sjálfsögd þjónusta við viðskiptavinina heldur einnig hluti af sjálfbærnistefnu fyrirtækisins.“

Kolefnishlutlaus framleiðsla

Eva Lillý segir að 66°Norður hafi verið kolefnishlutlaus fyrirtæki frá árinu 2019. Fyrirtækið starfar með ábyrgum og framsæknum hráefnaframleiðendum sem hafa sömu gildi að leiðarljósi.

„Í dag notum við eingöngu 100% lífræna bómull og/eða endurunna og við notum endurnið pólýester í vaxandi mæli. Markmið okkar er að auka enn frekar hlutfall slíkra hráefna í vörum okkar og erum við stöðugt að leita að bestu lausnum. Við viljum frekar framleiða flík sem endist í langan tíma en þá sem endist skemur og ýtir undir frekari neyslu og kaup á nýjum fatnaði. Að okkar mati snýst þetta því um að finna jafnvægið milli sjálfbærni og umhverfisáhrifa annars vegar og endingar og notagildis hins vegar. Ég held að ég geti fullýrt að okkur hefur tekist vel til í þeim efnum,“ segir Eva Lillý enn fremur.

Sérmerktur vinnufatnaður

66°Norður framleiðir ekki bara hundruð vörunúmera heldur rekur fjölbreytta fyrirtækjaþjónustu að auki. „Já, við fáum fjölbreyttar óskir frá fyrirtækjum um t.d. sérmerkingu á vinnufatnaði en hægt er að setja lógó á nánast hvaða efni sem er. Einnig bjóðum við þjónustu varðandi starfsmannagjafir og alltaf er vinsælt hjá starfsfólki að fá fallega flík frá 66°Norður í jólapakkann,“ segir Eva Lillý að síðustu.

≡ HÉÐINN ≡



KONGSBERG

Héðinn selur og þjónustar búnað frá Kongsberg Maritime



- Spilstjórnun
- Viðvörðunarkerfi
- Tankapælikerfi
- DP kerfi
- Töflur og tíðnbreytar
- Brattvaag spilbúnaður
- Stýri og stýrisvélar
- Ulstein og Kamewa skrifubúnaður
- Skrufustýringar
- HSG samkeyrslukerfi
- Bergen og MTU vélar
- Hliðarskrúfur

Gleðileg jól



hedinn.is

66nordur.is



■ Laugarsvæði Skógarbæðanna verður rúmgott og skemmtilegt.



■ Forsvarsmenn Skógarbæðanna finna fyrir miklum áhuga tilvonandi gesta. Nú þegar er hægt að kaupa gjafabréf í bæðin.

Akureyri

Skógarbæðin opnuð í vetur

FRAMKVÆMDIR

„Við finnum fyrir miklum áhuga á byggingu Skógarbæðanna og fáum mikið af fyrirspurnum. Ég er sannfærð um að fólk mun taka þessum stað fagnandi,“ segir Sigríður Hammer sem er ásamt eiginmanni sínum, Finni Aðalbjörnssyni, í fararbroddi þeirra sem standa að byggingu Skógarbæðanna, nýs baðstaðar í landi Ytri-Varðgjár, gegnt Akureyri.

Framkvæmdir eru þar í fullum gangi og hafa verið frá því í byrjun sumars. Stefnt er að opnun í febrúar.

Framkvæmdir í fullum gangi

„Tíðarfarið skiptir okkur miklu máli en nú er bæði unnið utandyra og innanhúss. Vonandi fáum við marga milda daga á næstunni til að ljúka stórum áföngum í útvinnunni,“ segir Sigríður.

Skógarbæðin eru, eins og nafnið bendir til, umvafin trjágróðri,

mikið skjól en um leið verður mikið útsýni frá staðnum. Sigríður segir að líkt og búast hafi mátt við hafi nokkrar breytingar orðið á stærð og útfærslu bæðanna eftir að framkvæmdir hófust. Þannig hafa bæði þjónustuhús og útilaug stækkað.

„Ég held að það sé einmitt mikilvægt í svona verkefni að nýta tækifæri sem opnast eftir að framkvæmdir eru hafnar, tækifæri sem voru ekki endilega fyrirséð í byrjun,“ segir Sigríður.

Gjafakort komin í sölu

Fyrsta útgáfa heimasíðu Skógarbæðanna er nú komin í loftið og þar er hægt að kaupa aðgangsgjafakort í nokkrum útfærslum. Slóðin er forestlagoon.is

„Bæði fyrirtæki og einstaklingar hafa mikið spurt um möguleika á gjafakortum til jólagjafa síðustu vikur og það sýnir hversu mikill áhuginn er. Sem er mjög ánægjulegt og mikil hvatning fyrir okkur,“ segir Sigríður.

Á dögnum var tilkynnt um

ráðningu framkvæmdastjóra Skógarbæðanna sem er Tinna Jóhannsdóttir, markaðsfræðingur. Hún mun taka til starfa 1. mars en Tinna kemur úr starfi markaðsstjóra Smáralindar og því reynslumikil á þessu sviði.

forestlagoon.is



Óskum landsmönnum öllum gleðilegra jóla
og farsældar á nýju ári

Þökkum samskiptin á árinu sem er að líða


TEMPRA
einangrun - umbúðir

TEMPRA EHF • Íshella 8 • 221 Hafnarfjörður • Sími: 520 5400 • tempra@tempra.is • www.tempra.is

A brand of 

Alda – nýtt kennileiti á höfuðborgarsvæðinu

SKIPULAG

„Mannvirkið er látlaust en jafnframt kröftugt. Brúin virkar einföld við fyrstu sýn en vex við nánari skoðun. Brúin fellur áreynslulaust að umhverfi sínu og mjúk bylgjulögun hennar er áhugaverð skírskotun í öldur hafsins. Líttleiki brúarinnar keppir ekki við náttúrulegt umhverfi heldur skapar fallega sýn á sjóndeildarhringinn fyrir vegfarendur beggja vegna vogarins.“

Þannig segir í umsögn dómnefndar um vinningstillögu í hönnunarsamkeppni sem lokið er um brú yfir Fossvog. Tillagan nefnist Alda en brúin verður 270 m löng fyrir almenningsvagna, hjólandi og gangandi umferð. Höfundar eru teymi frá verkfræðistofunni EFLU og BEAM Architects. Brúin er hluti af Borgarlínu og verður tekin í notkun í ársbyrjun 2024 ef áætlanir ganga eftir. Bygging brúarinnar verður samstarfsverkefni Vegagerðarinnar, Kópavogsbæjar og Reykjavíkurborgar og Betri samgangna ohf.

Hönnunarsamkeppnin var opin

og í tveimur þrepum. Á fyrra þrepi bárust 15 tillögur sem nálgudust viðfangsefni keppinnar á mjög fjölbreyttan hátt. Þrjár tillögur hlutu flest stig í fyrra þrepi. Þær áttu það sammerkt að vera með sterkt heildaryfirbragð og heildræna nálgun á veigamestu þætti verkefnisins. Var það mat dómnefndar að brýr samkvæmt tillögunum þremur hefðu alla burði til að sinna hlutverki sínu sem skilvirkt samgöngumannvirki og sem fallegt kennileiti á höfuðborgarsvæðinu. Ennfremur segir í umsögn dómnefndar: „Umferð fyrir alla samgöngumáta er greið og tengingar við brúarenda vel útfærðar. Aðgreining milli ólíkra samgöngumáta er vel leyst, stuðlar að öryggi allra vegfarenda og aðgengi fyrir alla. Tillagan sýnir góða heildræna nálgun gagnvart öllum þáttum tæknilegrar hönnunar. Framsetning tillögunnar er mjög skýr og öllum þáttum vel lýst í máli og myndum. Efnisval brúarinnar er vel rökstutt út frá endingu og viðhaldi.“

borgarlina.is



■ Brúin yfir Fossvog verður glæsilegt mannvirki og nýtt kennileiti á höfuðborgarsvæðinu.

HVAÐ BAR HÆST Á ÁRINU?

Nýi miðbærinn hefur slegið í gegn


Það er af mörgu að taka hjá Sveitarfélaginu Árborg þegar horft er yfir árið sem er að líða. Það sem upp úr stendur og sést á flestum sviðum er að styrkur sveitarfélagsins til aðgerða hefur stórauðist. Nefna má að bylting hefur orðið í félagsþjónustu og barnavernd ásamt því að samþætting þjónustu, þvert á deildir fjölskyldusviðs í þágu farsældar barna og málefna eldri fólks, er í hraðri þróun. Opnaður var bæði nýr leikskóli og nýr grunnskóli, stórt fjölnota íþróttahús var tekið í notkun og hreinsistöð fráveitu á Selfossi er loks komin í startholur framkvæmda. Þá fer þetta ár í sögubækurnar út af opnun nýja miðbæjarins á Selfossi en hann hefur svo sannarlega slegið í gegn hjá landsmönnum.

Sóknarfærin í Árborg eru hvert sem lítið er. Mikill vilji er hjá bæjarstjórn að búa hér vettvang þeim fyrirtækjum sem sjá sér tækifæri að setjast að í Árborg og nýtt aðalskipulag gerir ráð fyrir fjölbreyttri aðstöðu atvinnulífs. Áfram verður haldið með stækkun nýja miðbæjarins á Selfossi og verður hann þrefalt til fjórfalt stærri en nú er. Tækifærin í þróun íbúabyggðar á Stokkseyri og Eyrarbakka eru ótrúlega mögnuð. Ef þess verður vandlega gætt að haga húsagerð þannig að haldið verði í þann fallega sjarma sem þessi gömlu sjávarþorp bjóða upp á, þá verður þarna sannkallað draumaland þeirra sem vilja búa í hlýlegu umhverfi nærri sjónum og í faðmi náttúrunnar.



■ Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Árborgar.

Iðnver óskar útgerð og áhöfn Baldvins Njálssonar innilega til hamingju með nýtt og glæsilegt skip, þökkum fyrir frábært samstarf



IÐNVER
Tunguhálsi 10, Rvk. S: 517 2220

SYSTEM CLEANERS®

UM BORD ER SJÁLFVIRKT ÞVOTTAKERFI
FRÁ IÐNVER OG SYSTEM CLEANERS

Fjölbreyttar reimalausnir fyrir alla flutninga




Sterkbyggðu M5085 böndin eru einstaklega þrifavæn



Lestarbönd í miklu úrvali

Erum sterk í öllum matvælaböndum hvort sem er á sjó eða landi



Þéttlistar fyrir lestarlúgur og vatnsþétt skilrúm

Óskum landsmönnum
gleðilegra jóla og
farsældar á árinu 2022

**GÚMMÍSTEYPA
Þ. LÁRUSSON EHF.**

Umræða um tækniframfarir aldrei verið meiri

Rætt við Stefán Friðriksson framkvæmdastjóra Ísfélags Vestmannaeyja í tilfelli af 120 ára afmæli fyrirtækisins

SJÁVARÚTVEGUR

„Ísfélagið er félag, sem var stofnað í danska konungsveldinu og á sama afmælisdag og fullveldið, var rúmlega fertugt þegar lýðveldið er stofnað. Fyrirtækið fór í gegnum kreppuna, tvær heimstyrjaldir, spænsku veikina, Covid faraldurinn núna, vinstri stjórnir, aflabresti og svo framvegis en stendur enn styrkum stoðum. Í ljósi framangreinds get ég ekki annað sagt en að ég hef trú á mannkyninu og getu þess til bregðast við aðsteðjandi ógnum. Það eru þjartir tímar framundan,“ segir Stefán Friðriksson, framkvæmdastjóri Ísfélags Vestmannaeyja en félagið fagnaði 120 ára afmæli sínu þann 1. desember síðastliðinn.

Dæmigert fyrir þróunarsögu sjávarútvegsins

Sagt hefur verið að Ísfélag Vestmannaeyja hafi verið með sömu kennitöluna í 120 ár. Það er auðvitað ekki rétt því kennitala var fundin upp löngu eftir að fyrirtækið var stofnað. Ísfélag Vestmannaeyja var hins vegar stofnað í dönsku konungsríki og nokkru fyrir fullveldið. Saga félagsins er í raun saga iðnbyltingar á Íslandi, þróun sjávarútvegsins. Þegar vélarnar komu í báta gátu menn sótt lengra og verið lengur að. Þá kom aukin þörfin fyrir beitu og hana þurfti að geyma og þá urðu íshúsin til. Ís var tekinn af vötnum á veturna og notaður til að frysta beituna. Svo var farið að nota vélbúnað til að halda frosti í geymslunum. Síðan fleygði allri þróun í sjávarútvegi fram. Félagið hóf frystingu á fiski í Vestmannaeyjum og síðar útgerð. Á síðari árum bættist vinnsla á Þórshöfn við með kaupum félagsins á Hraðfrystistöð Þórshafnar. Á báðum stöðum er botnfiskvinnsla, vinnsla á uppsjávarfiski og fiskimjólsværksmiðjur. Í dag er Ísfélagið fyrst og fremst í veiðum og vinnslu á uppsjávarfiski. Bolfiskurinn er notaður til að þetta götin á milli uppsjávarvertíða. Engu að síður er félagið ágætlega búið til veiða og vinnslu á botnfiski.

Floti félagsins telur fjögur uppsjávarskip, togara, togbát og línubát. Þetta eru Álsey, Heimaey, Sigurður og Suðurey í uppsjávarveiðunum, togarinn er Ottó N. Þorláksson, togbáturinn Dala-Rafn og króka-báturinn Litlanes sem er gerður út frá Þórshöfn.

Stórt ár framundan

„Auðvitað fer mjög stór hluti af aflanum sem við vinnum í lýsi og mjól, sérstaklega ef það er loðnuvertíð,“ segir Stefán sem



■ Ísfélagið er með bolfiskvinnslur bæði á Þórshöfn og í Vestmannaeyjum.



■ Sigurður VE er eitt fjögurra uppsjávarskipa félagsins.



■ Stefán Friðriksson, framkvæmdastjóri Ísfélags Vestmannaeyja.

Myndir: Óskar Pétur Friðriksson



■ Hér sést næst á myndinni yfir hús og athafnasvæði Ísfélags Vestmannaeyja.

sölumönnunum og samvinnu við flutninga-fyrirtæki ásamt því að tryggja að geymslur erlendis séu fyrir hendi, enda er þetta ekki allt selt á einu bretti,“ segir Stefán.

Með 20% af loðnukvótanum

þegar Stefán kom til Vestmannaeyja fyrir 25 árum var Ísfélagið með um 10% af loðnukvótanum en það hlutfall er nú 20% og búið að vera í nokkuð mörg ár.

„Við höfum markvisst unnið að því að auka veiðiheimildir í uppsjávarfiski. Frá því fyrir síðustu aldamót hefur félagið bæði aukið hlutféild sína og fleiri fiskitegundir komið inn í myndina. Undir lok síðustu aldar var farið að veiða kolmunna og norsk-íslenska síld og svo kom makrillinn eftir aldamótin. Þetta er gjörbreyting á öllum rekstraræðstæðum í uppsjávarveiðum og -vinnslu á Íslandi. Það eru komnir verðmætir stofnar inn í veiðina og nú er hægt að stunda veiðar á uppsjávarfiski nánast óslitið allt árið.“

Menntunartígið auðlind fyrir sjávarútveginn

En það er ekki nóg að veiða, það þarf að vinna fiskinn og selja hann. Stefán segir að markaðir fyrir afurðir úr uppsjávarfiski hafi styrkst. Það eigi bæði við um fóðurframleiðslu fyrir laxeldið og markaði í Austur-Evrópu þangað sem megnið af afurðum úr uppsjávarfiski er selt.

„Efnahagsástandið þar er miklu betra en fyrir 20 árum. Það er því grátlegt að Rússlandsmarkaður sé okkur lokaður, loksins þegar við fáum stóra vertíð. Auk þess hafa fyrirtækin fjárfest mikið í öflugum skipum með mikla kæligetu, sem bætir meðferð aflans og einnig hefur orðið mikil tæknivæðing í vinnslunni. Tæknin hefur tekið við af mannshendinni, bæði hafa afköstin aukist gríðarlega og fólki fækkað, en jafnframt eru störfin orðin léttari en sérhæfðari. Umræðan hefur aldrei verið meiri um tækniframfarir, m.a. fjórðu iðnbyltinguna, og allt mun þetta hjálpa okkur til að auka verðmæti þeirra nytjastofna sem við erum að vinna með. Það er svo margt sem er hægt að gera nú á tímum sem var útilokað fyrir 10 árum, hvað þá 20 árum. Mér finnst fólk í dag ræða miklu meira um framtíðina og tækifærin. Sumt er þó ekki eins einfalt og fólk heldur við fyrstu sýn. Vel menntuð þjóð er mikil auðlind sem sjávarútvegur hefur nýtt sér og verður að nýta sér ef við ætlum að vera meðal þeirra þjóða sem búa við mestu lífsgæðin. Framtíðin liggur í meiri þekkingu, hugviti og vísindum sem við getum nýtt okkur. Faraldurinn hefur svo kennt okkur nýjar samskiptaleiðir sem munu áfram verða við lýði. Svona hörmungar eins og heimsfaraldurinn er framkalla oft mikla framþróun,“ segir Stefán Friðriksson.

reiknar með að afurðir félagsins verði á næsta ári 30-60.000 tonn. Þar er mjól og lýsi fyrirferðarmest og svo síldar-, makrill- og loðnuafurðir, auk bolfiskafurða.

„Ef við náum loðnukvótanum á næsta ári geri ég ráð fyrir að loðnan gæti skilað yfir 30.000 tonnum af afurðum. Þegar allt er í gangi á svona stórrí vertíð erum við að framleiða jafnvel 400 tonn af mjóli og 200 tonn af lýsi á sólarhring og gætum að auki verið að frysta 600 tonn af afurðum. Þetta er ansi mikið. Þó að þetta sé kannski ekki margir dagar, sem svona gengur, er þetta talsvert álag, sem þarf að standast. Menn þurfa að ráða við toppana. Við höfum ekki teljandi áhyggjur af því að við getum ekki veitt og framleitt. Áhyggjurnar eru frekar af fráflæðisvandinum, eins og þeir segja á Landspítalanum. Við höfum ekki endalaugar geymslur. Það þarf mikið skipulag hjá



ÞEKKING, REYNSLA OG GÓÐ ÞJÓNUSTA

Kælismiðjan **Frost er traustur þjónustuaðili** á sviði **kæli- og frystilausna**. Við vinnum af fagmennsku og áreiðanleika með okkar viðskiptavinum, og leggjum áherslu á **grænar lausnir, öryggi og orkusparnað**.



Kælismiðjan Frost ehf. S: +354 464 9400 | frost@frost.is | www.frost.is



Þitt fyrirtæki gæti átt heima í Árborg - Hafðu samband!

- Miðstöð iðnaðar- og sérfræðipjónustu á Suðurlandi
- Inn- og útflutningshöfn við bæjardyrnar
- Vinsælt og fjölskylduvænt umhverfi
- Kraftmikið og vaxandi samfélag

Nánari upplýsingar veitir **Gísli H. Halldórsson**, bæjarstjóri Árborgar, gislihh@arborg.is



Sveitarfélagið
ÁRBORG

www.arborg.is



■ Skipstjórnarnir á Ísleifi VE, þeir Eyjólfur Guðjónsson og Magnús Jónasson segja að Dynlce Data höfuðlínukapallinn sé „hrein snilld“ en búið er að nota hann þar um borð síðustu sex ár.

Flottrollsveiðar með DynIce Data höfuðlínukapli

VEIÐITÆKNI

Frá árinu 2015 hafa útgerðir um 110 fiskiskipa vítt og breitt um heiminn fest kaup á Dynlce Data höfuðlínukaplinum frá Hampiðjunni. Það ár voru gerðar umtalsverðar breytingar á hönnun koparskermisins utan um koparvírinn í innsta kjarna kapalsins en að öðru leyti hafa breytingar verið tengdar framleiðsluferlinu og fullkomin þess. Í upphafi var stefnt að því að líftími kapalsins yrði 5 ár og því markmiði er nú náð og gott betur en það. Samkvæmt upplýsingum frá Hampiðjunni gæti líftíminn raunar reynst mun lengri en þau 5 ár sem eru nú staðfest og það kemur í ljós á næstu árum hver endingartíminn er í raun.

Mikil söluaukning hefur orðið að undanförunni til útgerða bandarískra skipa, sem veiða aðallega alaskaufsa í flottroll, en segja má að allar flottrollsveiðar kalli á lausnir eins og Dynlce Data höfuðlínukapallinn. Þar eru almennt notaðir tveir kaplar og annar þeirra notaður fyrir myndavél á mótum þoka og belgs til að fylgjast með því hvaða fisktegund er að veiðast.

Einar Bjargmundsson, sölustjóri Hampiðjunnar á Íslandi, segist mjög ánægður með viðbrögðin við Dynlce Data höfuðlínukaplinum.

„Í samtölum mínum við íslenska skipstjórnarmenn hefur komið fram að náðst hefur allt að 10-15 metra meiri höfuðlínuhæð sem jafngildir stærri veiðifleti sem nemur 1.400 til 2.100 fermetrum með Dynlce Data höfuðlínukaplinum en þeir náðu áður með vírkapli. Enda svífur kapallinn yfir vegna þess hversu léttur hann er og togar upp en dregur ekki niður höfuðlínuna eins og stálvírinn. Það munar um minna. Við höfum verið að selja mönnum 3.000 metra langa höfuðlínukapla en skipstjórnarnir telja að 2.500 metrar gætu reynst nóg. Ástæðan er sú að þegar þeir notuðu vírana urðu menn reglulega að taka allt að 10-15 faðma af endunum vegna þess að þeir ryðguðu. Tógið ryðgar ekki og það gerir gæfumuninn,“ segir Einar.

Ótvíráðir kostir

Einn þeirra íslensku skipstjóra sem verið hafa með Dynlce Data höfuðlínukapallinn er Eyjólfur Guðjónsson á Ísleifi VE sem segir að hann og Magnús Jónasson, félagi hans og hinn skipstjóri á Ísleifi, gætu ekki verið ánægðari með höfuðlínukapallinn.

„Þetta er algjör snilld. Við höfum verið með Dynlce Data frá því 2015. Allar upplýsingar frá höfuðlínustykkinu og öðrum nemum skila sér á skjá í brúnni. Við fáum allar upplýsingar um innkomu í trollið á tölvumynd og sjáum nákvæma hæð á höfuðlín-



■ Dynlce Data höfuðlínukapallinn er nú notaður hjá útgerðum 110 fiskiskipa vítt um heim



■ Einar P. Bjargmundsson, sölustjóri Hampiðjunnar á Íslandi.



■ Uppsývarskipið Ísleifi VE.

unni hverju sinni,“ segir Eyjólfur en hann segir kosti Dynlce Data höfuðlínukapalsins þar með ekki upp talda.

„Léttleikinn, styrkurinn og endingin eru ef til vill helstu kostirnir þegar öllu er á botninn hvolft. Þetta er auðvitað tóg í stað vírs og það er því miklu léttara í drætti sem sparar umtalsvert af olíu. Styrkurinn er ótrúlegur og hann gefur vírunum ekkert eftir, öðru nær. Þá er endingin eftir, hún er allt að því þreföld miðað við vírinn. Það er

að minnsta kosti okkar reynsla. Dynlce kapallinn ryðgar ekki en það gerir vírinn. Ég veit að Dynlce Data höfuðlínukapallinn er eitthvað dýrari en hefðbundnir kaplar en okkar reynsla er að sú upphæð er mjög fljót að sparast,“ segir Eyjólfur Guðjónsson.

Kominn í sjó íslensk uppsývarskip

Hampiðjan hefur selt selja Dynlce Data höfuðlínukapallinn til útgerða tíu uppsývarveiðiskipa á Íslandi, í Færeyjum og Noregi.

Íslensku skipin eru Huginn VE og Ísleifi VE frá Vestmannaeyjum, Norðfjarðarskipin Börkur NK og Beitir NK, Vilhelm Þorsteinsson EA frá Akureyri og Venus NS og Víkingur AK frá Brimi en heimahafnir þeirra eru annars vegar Vopnafjörður og hins vegar Akranes. Færeysku skipin Finnur Friði og Tróndur í Gøtu eru bæði með Dynlce Data höfuðlínukapla sem og norska skipið Harvest.

hampidjan.is

Samkeppni um grænar lóðir



■ Veðurstofureiturinn í Hlíðunum er ein þeirra lóða sem Reykjavíkurborg býður nú fram til grænnar uppbyggingar. Þar má búast við að rísi íbúðabygging, verslun og þjónusta.

SKIPULAGSMÁL

Reykjavíkurborg leitar nú eftir samstarfsaðilum um uppbyggingu á grænu húsnæði framtíðarinnar á völdum reitum í borginni. Hafa fimm lóðir þegar verið boðnar fram og er umsóknarfrestur til 22. desember nk. Stefnt á að bjóða fjórar til viðbótar í framhaldinu. Samkeppnin er hluti af Græna plani Reykjavíkurborgar og áformum um þéttingu byggðar.

Þrjár lóðanna sem um ræðir í fyrri áfanga eru í Breiðholti, ein við Arnarbakka og tvær við Völvufell. Þá er boðin fram lóð á Veðurstofureit og við Frakkastíg 1 í miðborginni. Á næsta ári er ætlinin að bjóða út slík verkefni í fyrirhugaðri byggð í Skerjafirði, á Ártúnshöfða, við Suðurfell í Breiðholti og við Laugardalinn.

Í útboðsgögnum í samkeppninni nú segir m.a.: „Húsnæðismál eru eitt mikilvægasta verkefni samtímans en mikil og nauðsynleg uppbygging íbúðarhúsnæðis skilur eftir sig djúpt kolefnisfótspor. Til að breyta því þarf nýjar grænar lausnir, hugsun og hugmyndir. Þann 6. maí 2021 auglýsti Reykjavíkurborg eftir hugmyndum að húsnæði framtíðar með léttu vistspori og gátu öll sent inn hugmyndir um nýja hugmyndafræði, nýja byggingaradferð eða blöndun adferða. Innsendar hugmyndir gefa á margvíslegan hátt spennandi fyrirheit um framtíðina og nú kallar Reykjavíkurborg eftir umsóknum um nokkra spennandi þróunareiti sem hún hyggst leggja til verkefnisins. Gert er ráð fyrir því að umsækjendur setji á laggirnar þverfagleg teymi sem vinni í samstarfi við Reykjavíkurborg á hverjum og einum reit.“

Híð svokallaða Græna plan borgarinnar er byggt á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um umhverfislega, samfélagslega og efnahagslega sjálfbæra þróun en í því er horft til þess að Reykjavík verði kolefnishlutlaus árið 2040, drifin áfram af grænum vexti og þar sem enginn íbúi er skilinn eftir. Í ljósi þessara áherslna skulu nýjar íbúðir byggðar í nálægð við þjónustu og í göngufjarlægð innan hverfa. Þá er markmiðið einnig að íbúar geti sótt fjölbreytta vinnu innan hverfa eða með öflugum almenningsamgöngum og er þar horft til Borgarlínu.

„Með þéttingu byggðar má stytta vegalengdir, styðja við vistvænar ferðavenjur, draga úr losun CO₂ og koma í veg fyrir rask á ósnortinni náttúru í útjaðri byggðar. Borgin vex inn á við og þróast þannig í þágu betra loftslags, loftgæða og lýðheilsu. Samhliða verða græn svæði borgarinnar og útivistarsvæði eflað enn frekar. Þá leiðir ný vistvæn íbúðarbyggð á eldri iðnaðarlóðum einnig til grænna yfirbragðs borgarhverfa,“ segir í útboðsgögnum.



GLEÐILEGA HÁTÍÐ

RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS

óskar félögum sínum og landsmönnum öllum

GLEÐILEGRA JÓLA

OG FARSÆLDAR Á NÝJU ÁRI

RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS Í 50 ÁR

Félagar í Rafiðnaðarsambandi Íslands hafa alltaf verið í fararbroddi í þekkingu á raf- og tækniþúnaði og notkun hans. Tryggjum öryggi og skiptum við fagmenn.

STOLTUR BAKHJARL



RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS

ADILDARFÉLÖG RAFIÐNAÐARSAMBANDSINS



Fyrirtækin boðin velkomin í Árborg

„Hér í Árborg eru fjölmörg spennandi tækifæri fyrir fyrirtækin og eins og staðan er núna geta þau verið þátttakendur í gríðarlegri uppbyggingu á svæðinu og um leið haft áhrif á það skipulag sem við erum með á borðinu. Í bæjarstjórn Árborgar er mikill áhugi á að taka vel á móti nýjum fyrirtækjum og allir leggja sig fram um að veita þeim sem allra bestu þjónustu. Sérstaklega bjóðum við velkomin til okkar þau fyrirtæki sem nú þurfa að flytjast frá Reykjavík vegna skipulagsbreytinga og sjá sér tækifæri að setjast að í Árborg,“ segir Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Árborgar.

Athyglisverður miðbær

Árborg er stutt frá höfuðborgarsvæðinu. Inn- og útflutningshöfn er í næsta nágrenni og mikið landrými fyrir atvinnufyrirtæki af ýmsu tagi. „Það er óhætt að fullyrða að hér eru aðstæður góðar í fjölskylduvænu samfélagi, m.a. vegna mikillar íbúafjölgunar og uppbyggingar innviðanna. Það sem helst hefur kröppt að er að við erum enn að ná í skottíð á okkur í gerð deiliskipulaga en við viljum reyndar gjarnan hafa atvinnufyrirtækin sem mest með í ráðum við þá skipulagsgerð og hvetjum þau til samráðs um þarfir og tækifæri.“

Gísli Halldór segir að áfram verði haldið með stækkun nýja miðbæjarins á Selfossi og gera áætlanir ráð fyrir að hann verði þrefalt til fjórfalt stærri en nú er. „Rekstraraðilar og bæjarbúar eru í skýjunum yfir öllum þeim gestum sem hingað sækja en við viljum þróa áfram viðlíka verkefni. Til dæmis er umbreyting Austurvegar og Eyrarvegar í verslunar- og þjónustræti eitt af þeim tækifærum sem við stöndum frammi fyrir núna og á sér ekki hliðstæðu á Íslandi. Ástæða er til að binda miklar vonir við að opnun skrifstofuhótelis í Landsbankahúsinu á



■ Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Árborgar. „Hér er fjölskylduvænt samfélag, góðir leik- og grunnskólar og fjölbreytt íþrótt- og frístundastarf. Í Árborg er vel hlúð að íbúunum enda streymir fólk hingað.“

Selfossi og sé ég fyrir mér að haldið verði áfram á þeirri leið að skapa hér góða aðstöðu til samstarfs sérfræðinga og uppbyggingu þekkingar- og nýsköpunarklasa á svæðinu,“ segir hann.

Uppbygging innviða

Bæjarstjórnin bætir við að í dag hafi Sveitarfélagið Árborg mun meiri getu en áður til takast á við ný verkefni, stór og smá, ásamt því að geta sífellt leitað leiða til að bæta þjónustuna við íbúana. „Ég get nefnt að bylting hefur orðið í félagsþjónustu og barnavernd ásamt því að samþætting þjónustu, þvert á deildir fjölskyldusviðs í þágu farsældar barna og málefna eldri fólks, er í hraðri þróun. Á þessu ári var opnaður nýr leikskóli, nýr grunnskóli og stórt fjölnota íþróttahús. Þá er vert að geta þess að ný hreinsi-



■ Árborg er ört vaxandi samfélag, stutt frá höfuðborgarsvæðinu. Þar er mikið landrými fyrir atvinnufyrirtæki af ýmsu tagi.

stöð fráveitu á Selfossi er loks komin í startholur framkvæmda eftir langt ferli umhverfismats og hönnunar. Loks voru innleiddar

stafrænar lausnir frá Ajour í byggingarverkefnum sem hafa stóruaukið afköst mannvirkja- og umhverfissviðs. Allt þýðir þetta

bætta þjónustu við íbúana og atvinnulífið.”

arborg.is

HVAÐ BAR HÆST Á ÁRINU?

Sóknarfærin blasa við

Hvað bar hæst á árinu?

Það er sú velgengi sem íslensk verslun og þjónusta hefur notið á tímum heimsfaraldurs sem uppúr stendur þegar horft er til ársins 2021. Þetta hefur verið mjög uppörvandi fyrir alla sem tengjast þessum atvinnugreinum. Tryggð íslenskra neytenda við íslensk verslunar- og þjónusufyrirtæki er þess vegna söm við sig, þrátt fyrir hina stórauknu samkeppni frá alþjóðlegum stórfyrirtækjum. Sem dæmi má nefna að nýleg könnun sem gerð var á vegum SVÞ, sýndi að rúmlega 70% neytenda kjósa fremur að eiga viðskipti við íslenskar netverslanir en erlendar, geti þær íslensku boðið upp á sambærilega vöru og þjónustu.

Svo það sé rífað upp í þessu sambandi voru hreint ekki allir fullir bjartsýni fyrir hönd íslenskra fyrirtækja í verslun og þjónustu í upphafi Covid-tímabilsins í mars 2020. Þá sást vart sála á ferli og myndir frá Reykjavík minntu einna

helst á götumyndir frá Norður-Kóreu. Svartsýnustu spár gengu sem betur fer ekki eftir og viðskipti tóku við sér af meiri krafti en margir þorðu að vona.

Hver eru helstu sóknarfærin í þjóðfélaginu á næsta ári?

Sóknarfærin blasa við hvert sem lítið er. Fyrir fyrirtæki í verslun og þjónustu felast tækifærin í því byggja á þeim góða grunni sem þau hafa flest og sækja fram í sí aukinni samkeppni sem alls staðar blasir við. Íslensk verslun og íslensk þjónusufyrirtæki njóta mikillar velvildar hjá neytendum, eins og marg oft hefur sýnt sig, það skiptir því öllu máli þegar til framtíðar er lítið að treysta þau bönd. Sóknarfærin felast ekki hvað síst í því að nýta sér til hins ítrasta þá möguleika sem stafræn tækni gefur til að tryggja stöðu sína og treysta með því tengslin við mikilvægasta viðskiptavininn, sem er hinn íslenski neytandi. Mikilvægi þessa fær byr undir báða vængi



■ Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu

þar sem í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar er lögð mikil áhersla á að auka stafræna hæfni, ekki síst í atvinnulífinu. Það er ákaflega gleðilegt að sjá hversu mjög ný ríkisstjórn ætlar að styðja við öfuga framþróun á þessu sviði.

THERMOLITE®

-40°C
[ISO-TESTED]

JÓN BERGSSON EHF.

Kletthálsi 15 - 110 Reykjavík
Sími 588 8886 - Fax 588 8944
jon@jonbergsson.is - www.jonbergsson.is

BEKINA
BOOTS BUILT TO LAST

Hátíðarkveðja



Við sendum landsmönnum öllum,
til sjávar og sveita, hátíðarkveðjur með þökk
fyrir samstarfið á árinu sem er að líða.

Kjarnafæði Norðlenska hf. formlega tekið til starfa

Norðlenskt stórfyrirtæki í kjötiðnaði komið á fulla ferð

KJÖTIÐNAÐUR

„Ég leyfi mér að vera bjartsýnni á framtíð kjötiðnaðarins á Íslandi en ég var fyrir t.d. tveimur árum. Ég vona að það sé aukinn skilningur hjá stjórnvöldum og líka hjá almennungi á því að það sé mikilvægt og æskilegt að þessi atvinnugrein fái að þrífast og dafna. Við erum að framleiða gæða vörur, frumframleiðsla bænda er almennt af mjög miklum gæðum og þetta er grein sem stendur fyrir fjölda starfa. Það er verið að gera margt vel í kjötiðnaði og landbúnaðinum almennt og þar liggja tækifæri fyrir fyrirtæki eins og okkar,“ segir Ágúst Torfi Hauksson, forstjóri Kjarnafæðis Norðlenska hf., sem formlega tók til starfa í sumar eftir sameiningu norðlensku kjötiðnaðarfyrirtækjanna Kjarnafæðis, Norðlenska og SAH afurða.



■ Ágúst Torfi Hauksson, forstjóri Kjarnafæðis Norðlenska hf.

Sex starfsstöðvar með 300 starfsmenn

Tekin var ákvörðun um sameiningu fyrirtækjanna þriggja í júlí 2020 en það var ekki fyrir en ári síðar, eða í júlí síðastliðnum, sem Samkeppnisstofnun heimilaði samrunann að uppfylltum skilyrðum. Ágúst Torfi segir að þá hafi loks getað hafist hin eiginlega vinna við endurskipulagningu starfsmennar. Starfsstöðvar fyrirtækisins eru sex, þ.e. á Blönduósi, Húsvík, Svalbarðseyri og tvær á Akureyri, þar sem höfuðstöðvarnar eru. Sú sjötta er sölu- skrifstofa í Reykjavík. Starfsmenn fyrirtækisins eru um 300.

„Haustið hefur verið annarsamur tími vegna sláturtíðar og því hefur minni tími en ella gefist í hina eiginlegu sameiningarvinnu en það er mikið verk framundan. Við gerum ráð fyrir að það taki okkur að minnsta kosti 18 mánuði að ljúka þeim verkefnum sem fylgja þessari sameiningu,“ segir Ágúst Torfi en nýtt skipurit yfir stjórnar liggur þegar fyrir. Sölu- deildir hafa verið sameinaðar og ný stjórn hefur tekið til starfa en fyrir henni fer Björgólfur Jóhannsson, fyrrum formaður Samtaka atvinnulífsins og stjórnandi nokkurra stórra fyrirtækja í atvinnulífinu á síðustu árum.

Ágúst Torfi nefnir samræmingu upplýsingakerfa sem dæmi um viðamikil verkefni í kjölfar sameiningarinnar. „Við erum líka byrjuð að færa verkefni milli starfsstöðva og sjáum talsverð tækifæri í að ná þannig framstærri framleiðslulotum og stærðarhagkvæmni. Allt snýst þetta um að lækka framleiðslu- kostnað og auka hagkvæmni í framleiðslunni,“ segir Ágúst Torfi.

Brýnt að stækka til að mæta erlendra samkeppni

Samkeppni á kjötmarkaði hér á landi er mjög hörð og segir Ágúst Torfi að ef innlend kjörvinnslufyrirtæki eigi að geta keppt við innflutt kjöt frá risavöxnum framleið-

HVAÐ BAR HÆST Á ÁRINU?

Jákvæðar breytingar á regluverkinu

Innan Samtaka iðnaðarins eru fjölmörg og fjölbreytt fyrirtæki í iðnaði. Á mannvirkjasviði samtakanna vinnum við fyrir alla virðis- keðjuna í bygginga- og mannvirkjagerð og á þeim vettvangi voru unnir margir stórir sigrar á árinu í átt að bættu starfsumhverfi. Það sem stendur helst upp úr er nýstofnað innviðaráðuneyti sem við bindum miklar vonir við þar sem nú er loksins búið að sameina húsnæðis-, samgöngu- og ekki síst skipulagsmál undir eitt ráðuneyti. Málefni greinarinnar hafa hingað til verið á ábyrgð of margra ráðuneyta sem hefur



■ Jóhanna Klara Stefánsdóttir, sviðsstjóri mannvirkjasviðs Samtaka iðnaðarins

komið í veg fyrir nauðsynlegar breytingar í umhverfi byggingamála hér á landi. Á næstunni þarf að ráðast í mörg verkefni, ekki síst í skipulagsmálum. Á árinu voru líka gerðar jákvæðar breytingar á regluverki greinarinnar auk þess sem að við bindum miklar vonir við nýja mannvirkjastofnunar sem tekur vonandi við af talningu SI á íbúðum í byggingu.

Þegar horft er til framtíðar verður bygginga- og mannvirkja- iðnaðurinn að takast á við miklar áskoranir í tengslum við loftlags-

vandann. Sóknarfærin liggja því í nýsköpun, rannsóknum og þróun, líkt og í mörgum öðrum atvinnugreinum. Í því samhengi er gaman að nefna að á árinu var stofnaður mannvirkjarannsóknarsjóður sem ber nafnið Askur. Sjóðurinn er nauðsynlegt fyrsta skref en mikilvægt er að meira fjármagni verði varið í rannsóknir og þróun í bygginga- og mannvirkjaiðnaði hér á landi. Á nýju ári færi vel á því að mótuð yrði stefna um þessi mál til að búa okkur betur undir vistvænni framtíðaruppbyggingu.

Gledilega hátíð

Merry Christmas Gledileg Jól Feliz Navidad God Jul Frohe Weihnachten

HAMPIÐJAN



■ Hangikjöt er ómissandi um jólin.

núna en það er margt sem hefur áhrif á erlenda kjötmarkaði og næsta ómögulegt að spá fyrir um langtíma þróun. Hins vegar fundum við fyrir aukinni jákvæðni í garð innlendrar matvælaframleiðslu í byrjun faraldursins og meiri skilningi á nauðsyn þess að hún sé eins sjálfbær og unnt er hér á landi. Okkar mat er að það sé mjög æskilegt að hér á landi séu matvælaframleiðendur sem fari langt með að framleiða vörur sem duga þjóðinni til framfæriss.

Tækifæri til að bæta hag kjötiðnaðar og bænda

Ágúst Torfi segir ýmis jákvæð teikn á lofti á kjötmarkaði um þessar mundir. Dregið hafi úr offramleiðslu á lambakjöti og með

fjölgun ferðamanna á nýjan leik geti skapast tækifæri til að auka innlenda framleiðslu á nauta- og svínakjöti.

„Verðþróun á kjöti hefur ekki verið í takti við verðlag í nokkuð langan tíma og hefur þetta verið sérstaklega áberandi í lambakjöti. Framleiðslukostnaður, sérstaklega laun, hafa svo hækkað langt umfram almennt verðlag og slíkt gengur ekki til lengdar og gengur alls ekki nema með stöðugri hagræðingu. Þess vegna liggur alveg fyrir að við í kjötgeiranum á Íslandi höfum talað fyrir heimildum til frekari sameininga fyrirtækja. Sameining Kjarnafæðis, Norðlenska og SAH afurða er klárlega skref í rétta átt en það þarf að ganga miklu lengra, sérstaklega í

sláturhluta kjötgeirans. Við erum með alltof mörg sláturhús á Íslandi, ekki síst á Norðurlandi, og það væri mjög æskilegt fyrir alla keðjuna, frá bændum til neytenda, að heimildir fengjust fyrir því að ráðast í meiri hagræðingar til að lækka tilkostnað. En miðað við þau svipugöng sem við förum í gegnum til að fá leyfi til að sameina þessi þrjú fyrirtæki þá er í mínum huga alveg ljóst að frekari sameiningar eru traúla mögulegar nema með einhvers konar aðkomu löggjafans. Það liggja fyrir úttektir á mögulegu hagræði frekari samvinnu og verkaskiptingu í kjötiðnaði, og sér í lagi sameiningu sláturhúsa, sem sýna að ná mætti fram hagræðingu sem gæti skilað háum fjárhæðum

fyrir kjötiðnaðinn, bændur og neytendur,” segir Ágúst Torfi en fyrirmynd þessa er að hans mati sú grein búvörulaga sem heimilar afurðastöðvum í mjólk samvinnu og verkaskiptingu þrátt fyrir ákvæði samkeppnislaga.

„Sú grein laganna hefur skilað mjólkuriðnaðinum, bændum og neytendum mjög miklu, jafnframt því að draga úr óhagræði sem var í greininni. Það liggur alveg fyrir að með sama hætti væri hægt að ná hliðstæðum árangri í kjötgreininni. Við horfum til þess og bindum vonir við að ný ríkisstjórn leggist á árar til að bæta stöðu greinarinnar og bænda og efla þannig sveitirnar.“

HVAÐ BAR HÆST Á ÁRINU?

Kraftur kvenna er kraftur okkar allra

endur þá verði að auka hagkvæmni innlendu framleiðslunnar verulega.

„Jafnvel þó að við séum búin að sameina þessi þrjú fyrirtæki í einn alvöru þátttakanda á innlendum kjötmarkaði þá erum við, og það sama á við um aðra innlenda framleiðendur, samt sem áður agnarsmá í samanburði við þessa erlendu framleiðendur sem við erum að keppa við. Innlands eru það fyrst og fremst bændur sem ráða stærð kjötiðnaðarfyrirtækjanna með ákvörðunum sínum um hvar þeir leggja inn afurðir. Verkefni svona fyrirtækis er því ekki síst að vera verðugur aðili til að koma afurðum á markað og aðili sem bændur treysta til að vinna þeirra vörur og markaðssetja þær. Við eigum því mikið undir trausti bænda,” segir Ágúst Torfi. Aðspurður segir hann að þó hækkanir kunni nú að vera á kjötverði í Evrópu sem komi fram í herra verði innfluttrar kjötvöru hér heima þá breyti það því ekki að til lengri tíma lítið bendi ekkert til annars en sú samkeppni sé komin til að vera á íslenskum kjötmarkaði.

„Við vitum hvernig staðan er

Félag kvenna í atvinnulífínu FKA var í fullri virkni og í sókn með fjölbreytt skipulagt starf á líðandi ári. Fundum og viðburðum var streymt á netinu, félagskonur gátu sótt fræðslu, reynslu og vöxt á öllum tímum sólarhringsins hvar sem þær voru staddir. Félagatal FKA gaf ekkert eftir og er ört vaxandi með 1300 konur alls staðar af landinu, bæði atvinnurekendur og almenna leiðtoga, stjórnendur og millistjórnendur úr atvinnulífínu. Framkvæmdastjóri FKA, Andrea Róbertsdóttir, á eina stöðugildi FKA en annars er allt félagsstarf unnið í sjálfbodaliðastarfi félagskvenna. Árið 2021 var vel nýtt af hálfu félagskvenna í



■ Sigríður Hrund Pétursdóttir, formaður FKA - Félag kvenna í atvinnulífínu

þeirra eigin þágu og samfélagsins alls. Kraftur kvenna er kraftur okkar allra.

Árið 2022 mun bera með sér hvetjandi framsækni eins og Íslendingum er edlislægt. Við þurfum að eiga orkuskipti á nokkrum sviðum, ekki aðeins í umhverfis- og orkumálum heldur einnig í vinnutillögum. Blöndun í teyrum með jafnrétti í fararbroddi eykur líkur á fjölbreyttari sjónarhornum sem er grunnur að grósku, framförum og þroska samfélagsins. Það er allra hagur að framkvæma ákvörðunina um jafnrétti nú þegar.

Þegar gengið er í gegnum breytingar, sem munu reyna á

samtakamátt, er affarasælt að mæta jákvæð, samhuga og kraftmikil til verka óháð því á hvaða sviði áskoranirnar eru. Þolinmæði, þrautseigja og þolgæði munu skila góðri niðurstöðu. Lykilatriði er að mæta með gott hugarfarar – viðhorf er valkostur og hugurinn ber okkur hálfu leið.

Félag kvenna í atvinnulífínu FKA sendir landsmönnum öllum þakkir fyrir líðandi ár og hugheilar hátíðarkveðjur. Megi 2022 færa okkur öllum birtu, von og gæfu.

*Stólpi Gámar óska
vidskiptavinum sínum
gledilegra jóla
og farsældar á nýju ári*

www.stolpigamar.is



Stólpi Gámar

Óseyrarbraut 12 | 220 Hafnarfirði | Klettagörðum 5 | 104 Reykjavík

Útkall í auga fellibylsins

SAGAN

Útkall í auga fellibylsins er ný bók eftir Óttar Sveinsson. Þar segir frá þremur mönnum sem lenda í sjávarháská þegar brestur á fárviðri. Lífshættulegir brotsjóir dynja á skútunni Melitu og hún fer á hliðina og sjór flæðir inn. Þegar skútan réttir sig við og fer svo aftur á hliðina er ákveðið að senda út neyðarkall. En hvernig er björgun framkvæmanlegsvona langt utan þryludrægis. Við fengum góðfúslegt leyfi Óttars til að birta kafla ú þessari athyglisverðu bók.

Þverbiti við stórsegl brotnar

Stefán sá allt í einu að eitthvað var ekki eins og það átti að vera: „Ég var alveg að klára mína vakt. Við vorum enn í basli með vindinn, sem var á hlið. Ólíubirgðir okkar áttu að duga til þess að láta vélina ganga rúmlega helminginn af leiðinni heim til Íslands. Þess vegna vorum við háðir því að geta notað vindinn og seglin sem mest. Ég sat úti á dekki þegar ég tók eftir því að stórseglid varð allt í einu eitthvað skrýtið. Mér fannst það orðið heldur lufsulegt, kallaði á Dana og hann kom upp. Hann sá strax að eitthvað var að. Nú kom í

ljós að bóman, gaffall sem er þverbitinn sem heldur neðanverðu stórseglinu við annað mastrið, hafði brotnað.

Þetta var alls ekki gott. Nú komumst við ekkert áfram því að við urðum að taka stórseglid aftur niður. Þetta var ekki gott fyrir mórallinn á bátunum. Við vorum nýbúnir að rífa stórseglid og nú tók við annað stórt vandamál. Við skoðuðum bómuna. Það varð að taka hana af mastriinu og líma svo brotið saman. Ég hafði tekið með mér epoxíð í ferðina, svona til vonar og vara. Nú kom það sér vel. Við hjálpuðumst að og mixuðum þetta saman með epoxíðinu. Dana varð að láta vélina ganga hægt til að halda sjó en við gátum ekki sett stórseglid upp strax því að límið þurfti að þorna. Nú tók við nokkurra klukkustunda bið um kvöldið og fram á nóttina. Enn hugsaði ég með mér að nú hlytu vandamálin að vera að baki, vesenskvótinn hlyti að vera búinn.“

Þennan dag fóru Jóhanna og Sonja að verða áhyggjufullar því að enginn nýr staðsetningarpunktur hafði borist frá skútunni. Jóhönnu fannst þetta mjög óþægilegt: „Ég var alltaf að fylgjast með staðsetningu skútunnar, hvort það kæmi nýr punktur. Það gekk ágætlega framan af og vel



■ Skútan Melita á góðri siglingu.

mátti sjá hvernig þeim miðaði áfram. Við Sonja vorum samt dálítið stressaðar yfir þessu. Klukkan níu um kvöldið spurði Sonja mig hvort ég hefði heyrt eitthvað í strákunum, en það hafði ég ekki gert. Við vorum orðnar órólegar af því að svo virtist sem staðsetningarbúnaður skútunnar hefði ekki sent frá sér merki í heilan sólarhring. Þegar tilkynningin uppfærðist ekki leist okkur ekki á blikuna og óvissan fór að naga okkur. Sonja hafði hringt stutt í gervihnattasímann en ekki náð sambandi.“

Stormur skellur á

Um fimm klukkustundum eftir að bóman var komin í lag var Melita tilbúin að halda siglingunni áfram.

Stefán var bjartsýnn: „Við vorum búnir að bíða í óratíma,

fannst mér, þegar við ákváðum að láta á það reyna hvort límið væri búid að taka sig og gaffallinn væri tilbúinn. Í millitíðinni hafði dregið lítið eitt úr vindinum og okkur leið vel. Við töluðum um að eftir allt þetta gæti nú varla meira farið úrskaiðis.“

Dana vonaði að þeim þremmenningum myndi nú miða vel áfram: „Nú náðum við góðum byr aftur og seglin virkuðu vel. Við bjuggum til stóran pott af þykkri og góðri kássu. Maturinn átti að duga okkur nokkuð lengi. En svo fór stöðugt að hvesa. Skútan hallaðist æ meira undan sjó og vindi.“

Stefán átti vakt klukkan níu um kvöldið: „Það var að koma myrkur. Um þetta leyti í ferðinni fannst mér ég vera farinn að ná tókum á seglunum, þannig að þegar þau

byrjuðu að blakta lagaði ég þau til svo að vindurinn kæmi sem best í þau. Nú fannst mér ég ekki alltaf þurfa að tala við Dana ef eitthvað gerðist. En svo fór að hvesa mjög á vaktinni og þegar henni var að verða lokið hafði veðrið versnað mjög.“

Þeir Dana, Gísli og Stefán höfðu verið uppteknir við viðgerðir og annað þennan dag. Á meðan hafði ekkert staðsetningarmerki verið sent frá skútunni: „Æi, af hverju eru þeir að gera okkur þetta – ekki mikið mál að ýta á einn takka,“ skrifaði Sonja Jóhönnu á Messenger, áhyggjufull yfir því að þeir á Melitu virtust ekki hafa látið vita af sér í gegnum senditækið.

Jóhönnu leist ekkert á þetta: „Af hverju kom ekkert merki frá skútunni? Ég fór að ímynda mér



Óskum viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári

Þökkum ánægjuleg samskipti á árinu sem er að líða



það versta, skútan hefði sokkið og þeir farið í sjóinn. En svo tókst mér að ýta þeim hugsunum frá mér og ég hugsaði sem svo að það gætu alveg verið aðrar skýringar á þessu sambandsleysi. Kannski væri rafhlaðan í senditækini búin. Svo sendi Sonja skilaboð til mín þar sem hún sagði að ferill skútunnar frá byrjun ferðarinnar væri ekki lengur merktur inn á kortið.

„Kannski eru þeir eitthvað að fíkta í þessu,“ svaraði ég.“ En okkur fannst þetta skrítið og það vakti með okkur ugg.

Um kvöldið reyndi Sonja aftur að hringja í gervihnattasímann, en það hringdi út áður en talhólf kom á númerið. Ekkert svar. Þeim Sonju og Jóhönnu fannst þetta mjög einkennilegt og um leið óþægilegt og fóru fljótt að ímynda sér að eitthvað slæmt hefði gerst.

Sonja hafði verið í sambandi við Kristínu og lét svo Jóhönnu vita að Kristín hefði ekki heldur heyrt neitt. Kristín hefði líka sagt að stundum væru svo mikil læti í vél Melitu að símhringing heyrðist ekki. Hún hefði minnt Dana sérstaklega á það síðast þegar hún heyrði í honum að ýta reglulega á senditakkann. Sonja hafði það líka eftir Kristínu að veðrið ætti að vera rólegt og hægur vindur. Þá hefði hún lagt til að Sonja prófaði að hringja aftur í gervihnattasímann um morguninn.

Öll segl tekin niður

Dana átti vaktina eftir miðnætti: „Um nóttina rifnaði stórseglið í storminum. Það var á bómu og í gaffli þannig að það var eins og rétthyrningur. Gaffallinn var tengdur við mastrið með kjálka. Vindþrýstingurinn hafði líka brotið gaffalinn. Ég tók hann niður og byrjaði að laga hann – leitaði að timbri, málm, epoxíði og hosulemmum. Meðan á þessu stóð sváfu Stefán og Gísli. Mér tókst loks að sauma seglið saman og laga gaffalinn og þá gat seglið farið upp aftur. Nú áttaði ég mig á því að ég hafði ekki sofið neitt í rúman sólarhring. Ég var orðinn býsna lúinn eftir vökurnar og viðgerðirnar og tími kominn á hvíld. Ég rifaði því stórseglið, reyndi að gera það eins lítið og hægt var. Og ég tók inn genúuna og setti upp stormfokkuna, sem er lítil fokka, og felldi messann. Þetta var minnsti reiðinn sem ég gat siglt á. Hér var staðsetningin 53°10 norður 43°40 vestur. Við vorum með tvírið stórsegl og stormfokku.“

Heima á Íslandi var Kristín orðin mjög áhyggjufull: „Lægðin sem ég hafði haft áhyggjur af var nú orðin miklu dýpri en fyrstu spánnar höfðu bent til að hún yrði. Auk þess myndi hún skella á miklu fyrr. Það leit út fyrir að strákarnir myndu lenda í mjög vondu veðri. Ég sá líka að það var orðið of seint fyrir Dana að breyta um stefnu og þá fékk ég kvíðahnút í magann.“

Um morguninn hafði Kristín samband við Sonju og spurði hvort hún hefði heyrt í Stefáni. „Nei, ég hef ekkert heyrt síðan klukkan átta á laugardag,“ sagði Sonja. Í sama vetfangi sá Kristín að nýr staðsetningarpunktur birtist á skjánum frá Melitu. Hún sagði Sonju strax frá þessu og hún lét síðan Jóhönnu vita.

Jóhanna var fegin þessu: „Nú leið okkur Sonju strax betur. Ég var samt óróleg yfir því að þeir skyldu ekki hafa sett neina punkta svona lengi. Okkur langaði að hringja, Sonja hafði reynt það,



■ Atlantshafið farið að sýna klærnar. Vindur er mjög að aukast.

en ein hringing kostaði 800 krónur, þótt samband næðist ekki, og inneignin kláraðist. Við vorum líka búnar að heyra frá Kristínu að

það væri ekkert einfalt að ná sambandi vegna ýmissa aðstæðna um borð.“

Dana hafði ákveðið að taka

flest seglin niður. Veðrið var orðið of vont. Hann ákvað þó að halda messanum, hann ýtti gjarnan bógnum niður og varði bátinn vel fyrir öldunum sem brotnuðu oft áður en þær skullu á bátnum.

Stefán vissi að nú myndi þeim þremningum lítið miða áfram: „Dana sagði að það væri orðið allt of hvasst. Við yrðum að haga seglunum eftir því, höfðum tekið stóru seglin niður. Bátnum yrði siglt með vélinni á hægri ferð upp í vind og öldu til að halda sjó. Í raun yrði hann nokkurn veginn kyrr á sama stað. Eins konar stormtaktík, hugsaði ég. Nú átti skútan að haga sér eins vel og unnt var á öldunni. Ég ákvað að fara niður í kojuna mína og reyna að hvíla mig og sofa eitthvað.“

Liva var langt á undan Melitu. Gunilla og Jan höguðu seglum eftir vindi: „Við höfðum nú hrept

vont veður, nokkuð sem veðurspánnar höfðu alls ekki gert ráð fyrir þegar við lögðum af stað frá St.Johns. Þetta gerðist mjög snögglega. Við höfðum talað um að fara, eins og þeir á Melitu, til Grænlands og stoppa þar. En nú voru þeir búnir að breyta um stefnu og virtust halda til austurs.

Öldurnar voru gríðarlega stórar og það var mjög blautt, ágjöf og rigning. Þetta var mjög óþægilegt því að öldurnar komu svo snögglega á bátinn. Okkur Jan fannst erfiðast að sjá ekki vel frá okkur fyrir himinháum öldunum. Ef við mættum skipi eða báti myndum við ekki sjá neitt fyrr en rétt áður en hann kæmi að okkur. En það var lítil umferð á þessu mikla úthafi svo að þetta gerðist sem betur fór ekki. Við urðum að breyta um stefnu – maður kemst ekkert áfram á móti vindi og sjó.“



Rás 16 er neyðarrás sjófarenda og alltaf opin. Það að þú hlustir á hana getur skilið á milli lífs og dauða.



■ Bruggsmiðjan framleiðir nú Jóna Kalda fjórtánda árið í röð.

Bruggsmiðjan á Árskógssandi

Jóna Kalda eitt stærsta vörumerkið

BJÓRFRAMLEIÐSLA

Hefðir eru órjúfanlegur hluti undirbúnings jólanna og sjálfs jólahaldsins, hefðir í siðum, mat og drykk. Vitanlega erum við hvað stoltust af því sem íslenskt er og þá kemur hangikjötið strax upp í hugann. Íslenskur jólabjór er einnig orðinn rammíslensk hefð og þar er Jóna Kaldi, framleiðsla Bruggsmiðjunnar á Árskógssandi, einn sá allra þekktasti. Enda hefur Jóna Kaldi verið framleiddur fyrir hver jól í meira en áratug, frá árinu 2008.

Og nú líka í dósum

Jóna Kaldi naut strax mikilla vinsælda meðal íslenskra bjórunnenda og jólasælkera. Bruggsmiðjan bætti árið 2015 við annarri



■ Kaldi á sér dyggan aðdáendahóp.



■ Norðlenskur vetur, norðlenskur bjór og sannkölluð jóla stemning í Bjórböðunum á Árskógssandi.

Myndir: katlaphotography á Instagram

tegund jólabjór í vörulínu sína þegar Súkkulaði Porter kom á markað.

Mikil og ör þróun hefur verið hjá Bruggsmiðjunni í gegnum árin og var á árinu 2020 stigið tímamótaskref þegar verksmiðjan tók í notkun vélbúnað til framleiðslu á bjór í áldósum. Eftir sem áður verða allar vörutegundir áfram í boði í flöskum en dósabjórinn er í stöðugri sókn. Nú fæst Jóna Kaldi í dósum í fyrsta sinn á öllum útsölustöðum Vínbúðanna.

Hefur sjaldan verið betri

„Jóna Kaldi er einn af okkar stærstu vörumerkjum og við erum spennt á hverju hausti að sjá hvernig til tekst í brugguninni. Ég verð að segja að Jóna Kaldi árið 2021 er í fremstu röð. Þetta er mjög góður árgangur, þó ég segi sjálf frá,“ segir Agnes Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Bruggsmiðjunnar, og segist afar stolt af því að bjóða neytendum íslenskan bjór árið um kring.

„Það skiptir alltaf máli að velja íslenska framleiðslu, ferska vöru framleidda úr

gæðavatni sem í okkar tilfelli kemur úr lindum í Sólarfjalli,“ segir Agnes.

Í ár bættist nýtt verkefni við hjá Bruggsmiðjunni þegar fyrirtækið hóf þökkun vatnsdrykknum Klaka fyrr heildverslun Rolf Johansen. „Ég hef mikla trú á framtíðinni og vaxandi tækifærum eftir því sem áhrif faraldursins dvína,“ segir Agnes.

bruggsmidjan.is



Gleðilega hátíð

Starfsfólk Olís sendir landsmönnum
bestu óskir um gleðilega hátíð og farsælt komandi ár
með kærri þökk fyrir samfylgdina á árinu.



GÆÐAVOTTUN Á
GRUNDEVELLI ALPJÓÐLEGA
GÆÐASTÁÐALSINS ISO 9001



JAFNLAUNAVOTTUN
2019-2022



SKYRVAERNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG
VIÐ ERUM ADAL-
STYRKARADILI SLYSAVARNA-
FÉLAGSINS LANDSBJARGAR



KOLEFNISJÖFNUN Á ELDS-
NEVTISKAUPUM VIÐSKIPTAVINA
OG ÖLLUM REKSTRÍ



ÓFLUGUR STUÐNINGUR
VIÐ ÍBROTASTARF
UM ALLT LAND



MYNDARLEGUR STUÐNINGUR
VIÐ MARGVÍSLEG
GÓÐGERÐARSAMTÖK



ADALSTYRKARADILI
ÍSLANDSMÓTSINS Í HANDBOLTA
UNDANFARIN FIMM ÁR

HVAÐ BAR HÆST Á ÁRINU?

Sóknarbolti með sterkri vörn

Það sem stóð upp úr á árinu sem er að líða, er að enn og aftur sýnir íslenskur sjávarútvegur úr hverju hann er gerður. Fyrirtækin stóð-

ust ágjöfina á tímum COVID-19. Þökk sé öllu því frábæra starfsfólki sem starfar hjá fyrirtækjum í sjávarútvegi og því fyrirkomulagi

sem íslenskur sjávarútvegur býr við. Einnig ber að nefna að eftir tvö mögur loðnuár, sýndi loðnan sig á besta tíma og úr varð ein


MANITOU

MEST SELDI SKOTBÓMULYFTARINN Á ÍSLANDI!



ÍSLYFT NÝR UMBOÐSAÐILI FYRIR MANITOU Á ÍSLANDI

VESTURVÖR 32a | 200 KÓPAVOGI
SÍMI 564 1600 | ISLYFT@ISLYFT.IS | ISLYFT.IS

Íslyft ehf




■ Heiðrún Marteinsdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi.

ágætasta loðnuvertíð síðari ára. Fiskeldið stóð sig ekki síður vel á erfiðum tíma og vöxtur greinarnnar á eftir að verða mikil lyftistöng fyrir þjóðarhag á komandi árum.

Sóknarfæri í íslenskum sjávarútvegi og fiskeldi eru fjölmörg og þau þarf að sækja. Auka þarf framleiðslu í fiskeldi því fólksfjöldi á heimsvísu eykst ár frá ári. Ljóst er að aukinni spurn eftir fæðu verður ekki mætt nema með eldisaðferðum, svo sem fiskeldi af margvíslegum toga. Í sjávarútvegi

hefur þróunin undanfarin ár verið drifin áfram af fjárfestingum, bæði til sjós og lands. Þar eru enn mikil sóknarfæri. Til að tryggja að úr þeim rætist þarf að ráðast í stefnumótun fyrir greinina til langs tíma. Að öðrum kosti vita fyrirtækin ekki til hvers er ætlast af þeim. Hvaða hlutverki á sjávarútvegur að gegna og hvers háttar verðmæti er unnt að gera úr sjávarauðlindinni eru spurningar sem stjórnvöld verða að spyrja og svar óskast fyrr en síðar.

Óskum landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á árinu 2022



Hitaveiturör Stál



Hitaveiturör Pex flextra



Kaldavatnsrör



Ídráttarrör



Stál tengi



Inntakspéttingar



Lokar Tengir Mælar



Lokar



Pex tengi

ÍSRÖR

Hringhella 12
221 Hafnarfjörður

565 1489

isror@isror.is

ISROR

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ
OKKAR INN Á ISROR.IS

Nýjar skíðalyftur í Bláfjöllum

FRAMKVÆMDIR

Samkvæmt samkomulagi sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um uppbyggingu skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins er gert ráð fyrir um 5,2 milljarða kr. fjárfestingu í innviðum vegna skíðaiðkunar til ársins 2026. Markmið uppbyggingarinnar er að bæta aðstöðu og þjónustu fyrir alla hópa skíðaiðkenda.

Gert er ráð fyrir því að settar verði upp nýjar stólalyftur, Gosi og Drottningu, í Bláfjöllum, en auk þess er m.a. gert ráð fyrir snjóframleiðslu á skíðasvæðunum, nýrri toglyftu í Kerlingardal, lyftu í Eldborgargili og Skálafelli auk uppbyggingar á skíðagöngusvæði. Sérstakur verkefnahópur hefur verið starfræktur á vettvangi SSH til þess m.a. að undirbúa verkefni og fylgja þeim eftir. Þá hefur verið ráðinn verkefnastjóri sem starfa mun með verkefnahópnum og stjórnendum skíðasvæðisins m.a. til að fylgja eftir samningum, hönnun og framkvæmd ásamt almennu ut-
anumhaldi verkefnisins.



■ Gerð hafa verið undirgöng fyrir gangandi og hjólandi undir Litluhlíð ásamt tengingu stíga við Eskitorg og Bústaðaveg. Til að undirgöngin verði sem styst hefur önnur akbraut Litluhlíðar, þ.e. sú eystri, verið þrengd í eina akrein og miðeyja mjókkud.

Framkvæmdum að ljúka við Litluhlíð

Framkvæmdir eru loks á lokastigi vegna endurnýjunar á gatnamótum Litluhlíðar og Bústaðavegar í Reykjavík. Þetta er samstarfsverkefni Reykjavíkurborg, Veitna og Vegagerðar og mun því að fullu ljúka fljótlega eftir áramót. Verktaki er Háfell ehf. og hönnun var í höndum VSÓ Ráðgjafar.

Í framkvæmdinni felst gerð göngu- og hjólastígs undir Litluhlíð þar sem akreinum fækkar um eina og endurnýjun stofnlagna vatns-, hita-, raf- og fráveitu. Einnig er gert ráð fyrir gróðursvæðum, landmótun, lýsingu við götu, stíga og í undirgöngum, umferðarljósum, skiltum og merkingum. Um er að ræða framhald á lagningu göngu- og hjólastígs sem kominn er meðfram Bústaðavegi og mun svo halda áfram eftir Skógarhlíðinni.

Í fyrsta áfanga verkefnisins hefur verið samið við Doppelmayr skíðalyftur ehf., sem var lægstbjóðandi í samkeppnisútbóði, um kaup og uppsetningu á skíðalyftunum Gosa, sem áætlað er að verði afhent á árinu 2022, og Drottningu, sem áætlað er að verði afhent á árinu 2023. Undirbúningsvinna vegna fram-

kvæmdanna er þegar hafin og gengur samkvæmt áætlun. Heildarkostnaður af uppsetningu lyfta og tengdum verkefnum í fyrsta áfanga er áætlaður um 2,4 milljarðar kr.



■ Mikið átak er fram undan við að bæta aðstöðu skíðafólks á höfuðborgarsvæðinu.

KÖFUNARÞJÓNUSTAN

Öflugt teymi sem tekst á við fjölbreytt verkefni við krefjandi aðstæður

Almenn þjónusta við skip og útgerðir:

Botnskoðun, fórnarskaut, botnþrif, botnlökar, pólering á skrúfu, botnstykki o.m.fl.

Bryggjupil:

Ástandsskoðun og skýrslugerð, ráðgjöf og tillögur að úrbótum, viðgerðir vegna tæringa og ákomu, uppsetning fórnaskauta, o.m.fl.

Flotbryggjur:

Innflutningur, ráðgjöf, þjónusta og uppsetning

Botranssóknir:

Fjölgeislarmælingar, setþykktarmælingar, Kjarnaboranir í laus jarðlög



KÖFUNAR
ÞJÓNUSTAN EHF

Vottaðir neðansjávar suðumenn / viðurkenndir af fjórum flokkunarfélögum
Sími 863 5699 • www.kafari.is



Vaðlaheiðargöng

Umferð jókst um 27% milli ára

SAMGÖNGUR

Umferðin um Vaðlaheiðargöng hefur það sem af er þessu ári verið um 27% meiri en á sama tíma í fyrra og rétt um 1% meiri en árið 2019. Bandaríkjamenn eru fjölmennastir erlendra ferðamanna sem hafa ekið um göngin á þessu ári, sem kemur ekki á óvart því þeir hafa verið þjóða ötulastir við að sækja Ísland heim á árinu.

Að sjálfsögðu setti covid-faraldurinn umtalsvert strök í reikninginn með umferð um Vaðlaheiðargöng árið 2020 sem skýrist af því að skyndilega voru fáir erlendir ferðamenn á ferð um landið. Það sem af er þessu ári hefur þeim fjölgað umtalsvert, þó þeir séu fjarri því að vera eins margir og árið 2019.

Ekki þarf að hafa um það mörg orð að fyrir rekstur margra ferðabjónustufyrirtækja eru erlendir ferðamenn hryggjarstyckið og þeir skipta líka miklu máli fyrir fyrirtæki eins og Vaðlaheiðargöng. Til marks um það hafa veggjöld af erlendum greiðslukortum það sem af er þessu ári staðið undir rekstrarkostnaði ganganna á árinu.

Vaðlaheiðargöng voru formlega vígð 12. janúar 2019 en þau voru opnuð fyrir umferð 21. desember 2018. Á þessum tæpu þremur árum hefur hlutur Vaðlaheiðarganga í umferð milli Eyja-



Eftir niðursveiflu í umferð um Vaðlaheiðargöng eftir að faraldurinn skall á árið 2020 jókst umferð um göngin á nýjan leik í ár er nánast á pari við fyrsta rekstrarárið, sem var 2019.

fjarðar og Fnjóskadals aukist töluvert. Það sem af er þessu ári hafa ríflega 80% umferðar milli Eyjafjarðar og Fnjóskadals verið um Vaðlaheiðargöng, sem er ívið meira en í fyrra og um 5% hærra hlutfall en árið 2019.

Ný íbúðabyggð við Kópavogshöfn

SKIPULAGSMÁL

Eins og margir vita hefur orðið gríðarleg uppbygging á Kársnesi í Kópavogi á síðustu árum og samkvæmtskipulagi á að rísa fjölbreytt íbúa- og atvinnuhúsa-byggð þar á næstu árum. Nú liggur fyrir vinnslutillaga að nýrri íbúðabyggð ofan við Kópavogshöfnina frá Atelier arkitektum en þar er gert ráð fyrir 160 íbúðum.

Svæðið sem um ræðir er þar sem Síldarútsvegsnefnd var til húsa á sínum tíma. Reiturinn teygir sig niður að sjávarmáli og má búast við að margir muni kjósa að setjast þar að. Byggðin verður á 2-5 hæðum og íbúðirnar frá stúdíóformi til 5 herbergja.

Fyrirhugað er að heildarbyggingarmagn á svæðinu verði 26.675 fermetrar ofan- og neðanjarðar.

Byggðin mun stallast mikið í hæðum vegna landhalla frá Þingholtsbraut að ströndinni. Því muni myndast skjólgóðir og sólríkir inngarðar sem opnast til suðurs. Bílastæði verða að mestu leyti neðanjarðar. Nýja byggðin mun tengjast vel helstu hjóla- og gönguleiðum og í góðum tengslum við almenningsamgöngur en Borgarlína mun liggja skammt frá og fara um fyrirhugaða brú yfir Fossvog inn í miðborg Reykjavíkur.

Miklar deilur hafa verið uppi varðandi uppbyggingu í Kópavogi á síðustu misserum. Vinir Hamraborgar hafa barist gegn skipulagi í gamla miðbæ Kópavogs og



Búast má við mikilli eftirspurn eftir íbúðum á þessu nýja svæði við ströndina í Kópavogi.

Mynd: Atelier arkitektar.

Kársnesið okkar hefur látið að sér kveða á Facebook og lýst áhyggjum af of mikilli þéttingu á Kársnesinu.

Skipulagsráð bæjarins hefur

samþykkt að kynna tillögu Atelier arkitekta fyrir hagaðilum og lýkur kynningarferli með opnu húsi í Kársnesskóla 13. janúar 2022 kl. 17.

Óskum landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári!

LAVANGO

Sérsmíðnar hágæða vinnslulausnir og framúrskarandi þjónusta



Vinnslubúnaður til lands og sjós



Þvottakör og kælisniglar



Sérsmíðum hvers kyns færðabönd



Millidekk í skip og báta



Slægingarlína fyrir innlenda aðila

euskán+ Vakúmdælur



Vakúmdælur til að flytja eldisfisk

Vogir



Noek Roðfléttivélar



• Þýskar vélar
• Hagkvæmar
• Góð afköst

Elpress

Hreinlætis- og þrifalausnir



Lágþrýst þrifakerfi



Aðgangsstýring í vinnslu, Eskja

ULTRAQUA

Vatnshreinsibúnaður



Yfir 10.000 kerfi um heim allan



Hreinsunargeta: 980 l/s, Rifós


Karakerfi

SEMI STAAL

Karapvottavélar

LA

Karahvolfarar



Notendur á Íslandi
• Samherji Dalvík
• Einhamar Seafood
• Umbúðamiðlun

Vinnslubúnaður • Vatnshreinsibúnaður • Karapvottavélar • Hreinlætis- og þrifalausnir • Vogir • Roðfléttivélar • Vakúmdælur



Lyngás 13, 210 Garðabær | Iceland



+354 661-9708



jon@lavango.is



*Við óskum landsmönnum
gleðiríkrar hátíðar og
farsældar á nýju ári*

Starfsfólk Ísfells



Getur þú hugsað þér jólin án rafmagns?

Starfsfólk RARIK óskar viðskiptavinum, samstarfsfólki sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla með von um gott og orkuríkt ár. Við munum eins og áður leitast við að svara orkuþörf viðskiptavina yfir hátíðarnar, með öruggum hætti – *Gleðilega hátíð.*